



50. sambandsþing Ungmennafélags Íslands
haldið á Hótel Hallormsstað, 14.-15. október 2017.

Dagskrá

Laugardagurinn 14. október

Kl. 11:00	Þingsetning
Kl. 11:20	Kosnir starfsmenn þingsins
Kl. 11:30	Ávörp gesta
Kl. 11:50	Skýrsla stjórnar
Kl. 12:10	Kjörbréfanefnd skilar álit
Kl. 12:30 – 13:00	Hádegisverður
Kl. 13:00	Umræður um skýrslu stjórnar
Kl. 14:00	Mál lögð fyrir þingið <i>Frá stjórn</i> <i>Frá nefndum</i> <i>Frá þingfultrúum</i>
Kl. 15:15	Kaffihlé
Kl. 15:30 – 18:00	Nefndastörf
Kl. 19:00	Kvöldverður

Sunnudagurinn 15. október

Kl. 07:00 – 08:00	Morgunverður
Kl. 08:00	Nefndir skila álit <i>Umræður – afgreiðsla</i>
Kl. 10:00 – 10:30	Kosning formanns – 6 menn í stjórn
Kl. 10:30 – 12:00	Nefndir skila álit - framhald
Kl. 12:00 – 12:30	Hádegisverður
Kl. 12:30 – 13:00	Kosningar <i>4 varamenn</i> <i>2 skoðunarmenn reikninga og 2 til vara</i>
Kl. 13:00	Önnur mál
Kl. 15:00	Þingslit

ÞINGSETNING

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, bauð gesti velkomna til þingsins.

Haukur sagði undanfarin tvö ár hafa verið talsvert annasöm. Margt hefur verið gert og og starfsemi samtakanna tekið breytingum frá því sem áður var.

Eftir ferð UMFÍ til Danmerkur í sumar þar sem fulltrúarnir kynntust því hvernig Danir standa að íþróttá- og æskulýðsmálum í gegnum DGI sagðist Haukur sannfærðari en áður um að framtíð samtakanna væri björt. Stjórn og starfsfólk dönsku ungmennafélaganna DGI hafi staðið frammi fyrir sömu úrlausnarefnum og UMFÍ.

Nýverið gerðu DGI og DIF, sem eru systursamtök UMFÍ og ÍSÍ í Danmörku nýjan samningum við ríkisvaldið. Samningurinn er til þess að framkvæma lýðsheilsuverkefni sem ætlað er að bæta lýðheilsu almennt í Danmörku. Þarna er verið að horfa til lengri tíma með samstarf á breiðum vettvangi í forgrunni. UMFÍ þurfi að hugsa stórt og langt fram í tímann.

Til þess að ná sambærilegum langtímamarkmiðum verðum við að breyta ýmsu, gera áætlanir og samninga sem gilda til lengri tíma en til árs í senn. Lengri samningar styrkja grunninn fyrir verkefni hreyfingarinnar.

Þá fór Haukur yfir þá miklu uppbyggingu sem hefur átt sér stað víða um land í tengslum við Unglingalandsmót UMFÍ en sagði það vera vonbrigði að styrkir til uppbyggingar á íþróttastöðum úr sjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins til uppbyggingar landsmótsstaða hafi lækkað verulega að verðgildi og vildi hvetja ríkisvaldið til að veita meiri peningum í þennan sjóð.

Haukur segir að vinna sé hafin við “stóra landsmótið” - landsmót með nýju og nútímalegu sniði sem verði haldið á Sauðárkróki 13. - 15. júlí 2018. Það sé í raun orðið örstutt í mótið og á þinginu verðir kynning á því með hvaða hætti mótið verður á næsta ári. Hann sagðist mjög spenntur fyrir þessu nýja fyrirkomulagi og í framhaldinu þurfi svo að meta hvernig til hafi tekist og ákveða framhald á tilhögun slíkra móta.

Þá nefndi Haukur að forvarnar og fræðslustarf samtakanna væri mikilvægt og miklir möguleikar á því að efla það til muna og að fara inn á nýjar slóðir í þeim efnunum. Hann sagði að aukið samstarf væri á milli UMFÍ og ÍSÍ sérstaklega með tilkomu verkefnisins “Sýnum karakter” og fleiri verkefni væru í vinnslu. Hann sagði forystu samtakanna ásamt framkvæmdastjórum hafa rætt óformlega um meiri samvinnu.

Ungmennafélag Íslands varð 110 ára í ágúst s.l. og telur Haukur hreyfinguna bera aldurinn vel og eiga góða framtíð. Það þurfi kjark og hugrekki til þess að taka ákvarðanir og núna sé tíminn til þess að hreyfingin sjálf grípi tækifærið og hafi áhrif.

Haukur sagði að fyrir þinginu nú liggi tillaga um inngöngu flestra íþróttabandalaga á landinu að UMFÍ. Búið sé að ræða um inngöngu íþróttabandalaga lengur en hann hafi komið að málum innan þessarar hreyfingar. Eðlilegt væri að skiptar skoðanir væru um þau mál. Það væri þó rétt að hvetja til þess að fólk skoði vandlega kosti og galla þess að íþróttabandalögin komi inn í hreyfinguna.

Sjálfur segir hann; já, ég styð að íþróttabandalögin verði tekin inn í UMFÍ. Það telji hann efla hreyfinguna og vera samfélaginu til góða. **“Þetta snýst nefnilega ekki um hver við erum eða hvaðan við komum heldur hvað við getum gert.”**

Haukur segist gefa kost á sér til formennsku í stjórn UMFÍ til næstu tveggja ára. Það helgist meðal annars af því að hann hafi trú á því að hann hafi eitthvað til málanna að leggja ásamt því að hafa áhuga á að fylgja eftir áherslum og aðgerðum í stefnunni sem samþykkt var í fyrra og að fylgja eftir breytingum sem gerðar verða á Landsmótinu 2018.

Hann hvatti til að haldið verði áfram ræktun lýðs og lands og óskaði þess að þingið yrði afkastamikið, skilvirkt og skemmtilegt og sagði 50. sambandsþing UMFÍ sett.

KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um þingforseta, varaþingforseta og þingritara sem var samþykkt.

Þingforsetar

Stefán Bogi Sveinsson
Sigrún Blöndal

Þingritarar

Anna R. Möller, UMSK
Hrönn Jónsdóttir, UMSB
Sigurður Óskar Jónsson, USÚ

Þingforsetar tóku til starfa. Sigrún Blöndal, þingforseti lagði fram tillögu að skipan kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd

Þorsteinn Þorbergsson, UMSK
Thelma Knútsdóttir, UMSS
Reimar Marteinson, USVH

ÁVÖRP GESTA

Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.

Hann bauð þingfulltrúa velkomna og þakkaði gott samstarf við UMFÍ, einkum í tengslum við Unglingalandsmót UMFÍ s.l. sumar. Hann sagði að sveitarfélagið hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum að fjármagn frá stjórnvöldum hafi verið lægra til mótsins í ár en vonast var til. Hann óskaði þinginu velfarnaðar í starfi.

Sigríður Jónsdóttir varaforseti ÍSÍ.

Flutti kveðjur forseta ÍSÍ, stjórnar og starfsmanna ÍSÍ, segir frá helstu verkefnum ÍSÍ.

Aukið fjármagn til afreksstarfs frá stjórnvöldum mun skipta miklu máli.

Fagnaði góðu samstarfi UMFÍ og ÍSÍ, m.a. í verkefninu Sýnum karakter. Félagakerfi samtakanna Felix hafi verið endurbætt en valdið miklum vonbrigðum og ekki mætt þeim þörfum sem það átti að skila. Sigríður segir að unnið verði að því hörðum höndum að kerfið muni virka eins og það á að gera.

Ingvar Sverrisson formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Hann fagnaði samstarfi varðandi umsóknir Íþróttabandalaganna um inngögnu í UMFÍ, fór síðan yfir greiningu sem gerð var á kostum og göllum hugsanlegri inngögu bandalaganna.

Þakkar fyrir nefndarvinnu um umsókn, vinnan hafi verið fagleg og góð.

Tónlistaratriði:

Friðrik Jónsson og Nanna Imsland fluttu lagið: Ísland er land þitt.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ og Helga Jónsdóttir gjaldkeri UMFÍ gera grein fyrir skýrslunni.

Auður Inga Þorsteinsdóttir fór yfir skýrsluna sem var mjög myndræn.

Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Egilsstöðum gekk vel og voru þar um 4000 skráningar í 23 keppnisgreinum. Sagði ánægjulegt að sjá að mun jafnara kynjahlutfall þátttakenda hafi verið nú en áður.

Landsmót UMFÍ 50 + var haldið í Hveragerði. Þar voru um 500 keppendur en um 1000 skráningar. Ánægjulegt hafi verið að sjá aukna þátttöku „yngri þátttakenda“ en áður.

Hreyfivika var haldin um allt land. Mikil og öflug þátttaka, en það voru 490 viðburðir með um 43.000 þátttakendum í 60 sveitarfélögum

Fræðsla – og forvarnir

Mikil ánægja er alltaf með starf ungmenna- og tómstundabúðanna á Laugum í Sælingsdal. Laugar séu til sölu sem valdi óþægindum, sérstaklega meðal starfsmanna en samningur er um starfið til 2019

Fjölbreytt verkefni eru í gangi, svo sem:

- Ungt fólk og lýðræði, sem er ráðstefna sem miðar að því að efla starf ungmennaráða og hefur ráðstefnan skipt miklu máli í starfi ungmennaráða sveitarfélaga.
- Ungmennapartý er ráðstefna þar sem ungt fólk úr hreyfingunni hefur komið saman og látið sínar skoðanir í ljós.
- Nýtt verkefni til þess að efla þátttöku barna af erlendum uppruna.

Styrkir fyrir grasrótastarfið eru t.d. úr fræðslu – og verkefnasjóði og umhverfissjóði Pálma Gíslasonar. Þá eru veittir styrkir til þátttöku í Lýðháskólum og sambandsaðilar eru hvattir til þess að nýta sér möguleika á styrkjum frá Evrópu unga fólksins.

Þá fór Auður yfir útgáfu- og kynningarmál en ný heimasíða UMFÍ hefur verið tekin í notkun. Hún sagði hreyfinguna nútímalega og leiðandi og þora að takast á við breytingar. Til dæmis með því að á þinginu verði rafrænar kosningar.

Fleiri þættir komu fram en að lokum sagði Auður að verkefni og starfsemi hreyfingarinnar væru borin uppi af sjálfbodaliðum og vitnaði í orð Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, sem sagði á degi sjálfbodaliðans 2016, þegar fulltrúum UMFÍ var boðið á Bessastaði: „Andi UMFÍ einblínir á að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið”

Reikningar UMFÍ – Helga Jóhannesdóttir, gjaldkeri UMFÍ.

Endurskoðunarskrifstofan BDO endurskoðar reikninga UMFÍ og skoðunarmenn fóru yfir reikningana. Helga svaraði fyrirspurnum varðandi reikningana sem bárust frá framkvæmdastjóra og gjaldkera HSK fyrir þingið.

Helga fór yfir helstu niðurstöðutölur í ársreikningnum.

Tekjur umfram gjöld	37.861.434
Eignir	489.885.203
Bókfært eigið fé	356.872.568
Eiginfjárlutfall	73%

Veltufjárlutfall er 1,46%

Eiginfjárlutfall 2016 – 73%

Eiginfjárlutfall 2015 – 70%

KJÖRBRÉFANEFND SKILAÐI ÁLITI

Þorsteinn Þorbergsson UMSK, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 27 sambandsaðilum. Ekki bárust kjörbréf frá Umf. Óðni og Umf. Víkverja. Þingfulltrúar voru samtals 116. Athugasemd barst frá HSP um að á kjörbréf þeirra vantaði nafn Björns Grétars Baldurssonar. Þingforseti lagði fram tillögu til þingsins að þessi breyting væri samþykkt. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

Hádegisverður - Þinghlé til kl. 12:30

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA UM SKÝRSLU STJÓRNAR

Engilbert Olgeirsson HSK, þakkaði gott samstarf við stjórn og starfsfólk UMFÍ sérstaklega í sambandi við Landsmót 50+. Sagði að leiðrétta þurfi skipan nefndar um Landsmót UMFÍ 50+ í skýrslunni. Hann þakkaði fyrir svör við fyrirspurnum HSK við reikninga UMFÍ. Talaði um nauðsyn þess að fjármagn til Landsmóta UMFÍ frá ríkisvaldinu verði samræmt. Hann nefndi að nauðsynlegt væri að tekið verði á endurbótum í Þrastarskógi. Þá hvatti hann til þess að að skuldir UMFÍ verði greiddar hraðar niður í framtíðinni.

Stefán Skafti Steinólfsson USK, þakkaði góða skýrslu stjórnar og gott starf. Hann hrósaði starfinu á Laugum. Þakkaði fyrir Skinfaxa sem væri gott blað en sagði þar vanta vísnaþáttinn.

Einar Kristján Jónsson UMF Vesturhlíð, sagði að ástandið í Þrastarskógi væri ekki gott og nauðsynlegt að bregðast við því.

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ, sagði að rekstaraðilar Þrastalundar ættu að sjá um rekstur og umsjón á hluta af Þrastarskógi samkvæmt samningi en það ákvæði væri ekki uppfyllt og sé málið í skoðun.

Þorsteinn Þorbergsson UMSK, lagði til að UMF Vesturhlíð taki Þrastarskóg í fóstur. Nefndi sorgarsöguna um Felix.

Gunnar Gunnarsson stjórn UMFÍ, er fulltrúi UMFÍ í nefnd um Felix. Biðst afsökunar á starfinu við Felix. Sagði að nú hafi endurbætur verið gerðar en það sé ennþá eftir starf til að gera kerfið nothæfara.

Einar Kristján Jónsson UMF Vesturhlíð, segir að árin 1987 – 2011 hafi Vesturhlíð haft umsjón með Þrastarskógi. Vilji hafi verið hjá Vesturhlíð að gera samning við UMFÍ um reksturinn en því verið hafnað. Hann segir að í gjafabréfi Tryggva Gunnarssonar, bankastjóra, frá 1911, hafi komið fram að ekki væri heimilt að selja eða veðsetja Þrastarskóg.

Helgi Gunnarsson fjármálastjóri UMFÍ, kastaði fram vísu eftir Hrafn Sveinbjarnarson:

Það er ekki unnt að yrkja,

eftir kalli framan úr salnum.

Það er eins og að vera að virkja,

vatn, sem ekki er til í dalnum.

Þingforseti bar reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

MÁL LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2018 Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ, haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2018.

Heildaryfirlit um rekstur 2018

Áætlun

	Aðalsjóður	Laugar	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	99.800.000	17.800.000			117.600.000
Lottó og getraunir	168.900.000		12.600.000		181.500.000
Aðrar tekjur	71.310.000	61.800.000		700.000	133.810.000
	<u>340.010.000</u>	<u>79.600.000</u>	<u>12.600.000</u>	<u>700.000</u>	<u>432.910.000</u>
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	71.465.177	47.692.984			119.158.162
Annar rekstrarkostnaður	118.928.920	30.600.000			149.528.920
Lottó til sambandsaðila	142.200.000				142.200.000
Veittir styrkir			12.600.000	1.000.000	13.600.000
Afskriftir	3.400.000	1.224.600			4.624.600
	<u>335.994.097</u>	<u>79.517.584</u>	<u>12.600.000</u>	<u>1.000.000</u>	<u>429.111.682</u>
Afkoma f. fjármagnsliði	<u>4.015.903</u>	<u>82.416</u>	<u>0</u>	<u>(300.000)</u>	<u>3.798.318</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur	960.000		1.000.000	400.000	2.360.000
Greiddir vextir og verðbætur	(2.700.000)				(2.700.000)
Áfallnar verðbætur	(1.500.000)				(1.500.000)
	<u>(3.240.000)</u>	<u>0</u>	<u>1.000.000</u>	<u>400.000</u>	<u>(1.840.000)</u>
	<u>775.903</u>	<u>82.416</u>	<u>1.000.000</u>	<u>100.000</u>	<u>1.958.318</u>
Rekstrarniðurstaða:	<u>775.903</u>	<u>82.416</u>	<u>1.000.000</u>	<u>100.000</u>	<u>1.958.318</u>

Sundurliðun

	Aðalsjóður	Laugar	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Aðrar tekjur	71.310.000	61.800.000			
Rekstrarframlög	2.650.000	10.800.000			13.450.000
Framlög frá EUF - (Styrkir)	5.500.000				5.500.000
Kostunaraðilar	22.200.000	0		700.000	22.900.000
Sölutekjur	9.350.000				9.350.000
Leigutekjur	11.460.000	2.000.000			13.460.000
Þátttökugjöld	20.150.000	49.000.000			69.150.000
Annar rekstrarkostnaður	118.928.920	30.600.000			149.528.920
Húsnæðiskostnaður:	9.370.000	12.630.000			22.000.000
Rekstur áhaldna og tækja:	1.300.000	0			1.300.000
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	9.158.920	1.000.000			10.158.920
Skrifstofukostnaður:	4.360.000	750.000			5.110.000
Stjórnun og umsýsla:	15.960.000	380.000			16.340.000
Verkefni, kynning og útbreiðsla:	26.780.000	2.220.000			29.000.000
Erlend samskipti	3.000.000	300.000			3.300.000
Mótahald	49.000.000				49.000.000
Rekstur ungmennabúða		13.320.000			13.320.000

Vísad til Fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 2

Þakkartillögur Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ, haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra mennta- og menningarmála þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.
- Alþingi, fjárlaganefnd og ráðherra mennta- og menningarmála þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþróttta-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar góða aðstöðu og móttökur á 7. Landsmóti UMFÍ 50+, HSK fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð svo og sjálfbóðaliðum fyrir það mikla sjálfbóðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs góða aðstöðu og móttökur á 20. Unglingalandsmóti UMFÍ, UÍA fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð svo og sjálfbóðaliðum fyrir það mikla sjálfbóðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Æskulýðsvettvanginum og aðildarfélagum hans fyrir vel unnin störf og hvetur til áframhaldandi góðra verka.

Vísad til Íþróttta- og allsherjarnefndar

Pingskjal nr. 3

Hvatningartillögur Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi:

- hvetja sambandsaðila til að standa vörð um þá mikilvægu tekjustofna sem koma frá Íslenskri getsþá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.
- hvetja yfirvöld til þess að grípa tafarlaust til aðgerða tengda ólöglegri starfsemi veðmálafyrirtækja sem bjóða hana hér á landi.
- hvetja Alþingi til að styðja sambands- og aðildarfélög UMFÍ með umtalsverðum fjárframlögum til eflingar á því mikilvæga starfi sem þau standa fyrir um land allt.
- hvetja sambandsaðila til að mæta á 21. Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 2018.
- hvetja sambandsaðila til að mæta á 28. Landsmót UMFÍ og 8. Landsmót UMFÍ 50+ á Sauðárkróki 2018.
- hvetja sambandsaðila til að hafa landsmótsnefnd starfandi á ársgrundvelli sem stuðla að öflugri þátttöku á landsmótum UMFÍ.
- hvetja sambandsaðila til að stuðla að forvörnum á sínu starfssvæði.
- hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum EUF (Evrópa unga fólksins) til að efla starfið hver á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs við rannsóknar- og háskólasamfélagið.

Vísad til Íþróttá- og allsherjarnefndar

Pingskjal nr. 4

Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að eftirfarandi verði bætt við reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.

Greinargerð. Gerðar eru tillögur um breytingar á reglugerð um sjóðinn. Viðbætur eru skáletraðar í textanum og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ

1. grein

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar *í samræmi við stefnu UMFÍ*, m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

3. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga.

4. grein

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundradshluti af lottótækjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótækna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.

5. grein

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári, ~~sem næst 1. maí og 1. nóvember ár hvert~~. Umsóknir, á þar til gerðu eyðublaði, þurfa að berast ~~fyrir til og með 1. apríl vegna maí úthlutunar og fyrir til og með 1. október vegna úthlutunar í nóvember~~. *Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.* Sjóðsstjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun. Fyrir hverja úthlutun skal sjóðsstjórn auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og í fjölmiðla. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkuppþæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

6. grein

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.

7. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til ~~sjóðsstjórnar~~ UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. *Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 12 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.*

8. grein

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birtast árlega í skýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á sambandsþingi ~~eða~~ og sambandráðsfundi.

9. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

~~Reglugerð þessari verður aðeins breytt á sambandsþingi UMFÍ, og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða. Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.~~

Vísad til Íþrótt- og allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 5

Umhverfissjóður UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að eftirfarandi breytingar við reglugerð um Umhverfissjóð UMFÍ, Minningarsjóð Pálma Gíslasonar.

Greinargerð. Gerðar eru tillögur um breytingar á reglugerð um sjóðinn. Viðbætur eru skáletraðar í textanum og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar

1. grein

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ *en Pálmi var* formaður UMFÍ 1979–1993.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík. UMFÍ ~~sem~~ sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta ~~n~~ hátt.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. *Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins. Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.*

3. grein

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ~~ásamt~~ ungmennafélagshreyfingunni og aðrir velunnarar.

4. grein

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ, þar af að minnsta kosti einum frá Umhverfisnefnd.

5. grein

Úthlutunarreglur:

Umsóknir skulu berast á ~~þar til gerðum~~ umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilast til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

Umsóknir skulu berast fyrir til og með 15. apríl ár hvert. ~~og~~ Tilkynnt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár.

Skilyrði ~~fyrir styrkjum~~ *þess að geta fengið styrk úr sjóðnum* er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og *að verkefnið sé umhverfisverkefni. Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfaxa og öðrum málögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins.*

6. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til ~~sjóðsstjórnar~~ UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. *Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 12 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.*

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum ~~skulu~~ skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiddslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.

7. grein

Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. *Skýrsluna skal sem birtaist í ársskýrslu UMFÍ.*

8. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

9. grein

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og verða hann tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. ~~Umhverfis~~sjóðnum ~~verði~~ skulu tryggðar *að lágmarki* 600.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. *Framlag UMFÍ er ákveðið af stjórn ár hvert.*

10. grein

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. ~~Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á sambandsþingi UMFÍ. Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.~~

Vísað til Íþróttá- og allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 6

Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ.

Greinargerð. Gerðar eru tillögur um breytingar á reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ. Viðbætur eru skáletraðar í textanum og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ

1. Almenn um mótið

1.1 Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátíð sem haldin skal árlega um verslunarmannahelgina. Kappkosta skal að bjóða keppendum upp á fjölbreyttar íþróttagreinar, þeim og fjölskyldum þeirra upp á góðar aðstæður, heilbrigða afþreyingu og skemmtun við sem flestra hæfi.

1.2 Markmið með mótinu er að ná til sem flestra ungmenna og stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum og efla félagslega samkennd þeirra með heiðarleika, tillitsemi og leikgleði að leiðarljósi.

Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta ~~lands~~-mótsins. Gildi UMFÍ skulu höfð að leiðarljósi á mótinu og áhersla lögð á háttvísi, raunsæi og tillitssemi.

1.3 Mótshaldari skal kappkosta að halda virðingu og hátíðleika á setningu og slitum sem séu miðaðar við unglina, sem og önnur dagskrá ~~mótanna~~ mótsins. Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta mótsins.

2. Umsókn og undirbúningur

2.1 Stjórn UMFÍ skal *árlega* auglýsa eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að halda Unglingalandsmót UMFÍ. *Tilkynna skal um val á mótsstað á unglingsmóti hverju sinni með að minnsta kosti tveggja ára fyrirvara.*

~~Sambandsaðilar UMFÍ sem áhuga hafa, skulu senda umsókn sína til stjórnar UMFÍ.~~

2.2 Í umsókn skal tilgreina þær íþróttagreinar sem mótshaldari *óskar eftir að keppt sé í. vill láta keppa í.* Með umsókn skal fylgja ~~umsögn/samþykki~~ sveitarstjórnar á væntanlegum mótsstað ~~og aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að gagni geta komið við mat umsóknar.~~

2.3. ~~Mótshaldari skal~~ *Skipa skal framkvæmdanefnd unglingsmótsnefnd* sem sér um undirbúning og framkvæmd mótsins. Nefndin skal skipuð *fulltrúum frá* mótshaldara, ~~og skulu~~ viðkomandi sveitarfélagi og stjórn UMFÍ ~~tilnefna fulltrúa í nefndina.~~ *Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.*

~~2.2 Þegar stjórn UMFÍ hefur ákveðið mótshaldara unglingsmóts skal hún tilkynna viðkomandi sambandsaðila og öðrum umsækjendum ákvörðun sína með formlegum hætti.~~

2.4 ~~Gera skal skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess við framkvæmdaaðila og sveitarfélag. UMFÍ skal gera skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess. Samningsaðilar eru UMFÍ, mótshaldari (sambandsaðili) og viðkomandi sveitarfélag.~~

2.5 UMFÍ skal koma sterkt að yfirbragði mótanna, m.a. með fjármögnun þeirra *og kynningu.* UMFÍ leggur til framkvæmdastjóra og verkefnastjóra á sinn kostnað. ~~Þá skal þing UMFÍ ákveða fjárstyrk til mótshaldara til kynningar á mótinu, sem verði á ábyrgð mótshaldarans.~~

3. Þátttaka og skráning

3.1 Unglingalandsmót UMFÍ skal fara fram um verslunarmannahelgi ár hvert. Mótið ~~standi skal standa~~ í þrjá til fjóra daga, ~~og skal því ljúka á sunnudegi.~~ *Setning mótsins fer fram á Mótið skal sett á föstudagskvöldi og skal því slitið á sunnudagskvöldi.*

3.2 Rétt til þátttöku eiga öll ungmenni á aldrinum 11–18 ára á almanaksárinu. ~~Þátttakendur skulu skrá sig sem einstaklingar og undir nafni viðkomandi héraðssambands eða íþróttabandalags ef kostur er. Mótshaldari skal leitast við að skrá keppendur í rétt héraðssamband eða íþróttabandalag miðað við bestu fyrirliggjandi upplýsingar.~~

~~3.3 Engin takmörk eru sett á keppendafjölda frá hverju héraðssambandi/ íþróttabandalagi, né heldur á fjölda þátttökugreina einstaklings. Mótshaldara skal þó heimil takmörkun á þátttöku í einstökum greinum ef aðstæður krefjast þess.~~

3.3 Skráningu ~~þátttakenda~~ lýkur um miðnætti síðasta sunnudag fyrir mót. ~~Mótshaldari skal þó gera allt sem mögulegt er til að sem flestir geti tekið þátt.~~ Unglingalandsmótsnefnd hefur heimild til að lengja skráningarfrest í greinum ef hún telur þörf á.

4. Þátttökugjald

4.1 Þátttökugjald skal ákveðið af ~~þingi UMFÍ~~ stjórn UMFÍ hverju sinni.

4.2 ~~Þátttökugjald skal greiðast við skráningu.~~ Mótsgögn eru einungis afhent þeim sem greitt hafa skráningargjaldið.

5. Um mótíð

5.1 Kappkosta skal að bjóða öllum keppnisgreinum upp á sem bestar aðstæður til keppni og leitast við að bjóða keppendum og gestum þeirra upp á sem besta aðstöðu til dvalar og afþreyingar á mótinu.

5.2 ~~Mótshaldari ber ábyrgð á að útvega starfsfólk/sjálfbodaliða við allar keppnisgreinar og viðburði mótsins.~~

5.2 ~~Í upphafi móts skal halda fund fararstjóra, mótsstjórnar og sérgreinastjóra. Mótshaldari auglýsir fundarstað og tíma.~~

5.3 ~~Hver sambandsaðili/íþróttabandalag sem tekur þátt í mótinu skal tilnefna fararstjóra. Þá skal hver sambandsaðili / íþróttabandalag tilnefna tjaldbúðastjóra sem er forsenda fyrir því að viðkomandi aðili fái úthlutað svæði á tjaldsvæði keppenda. Tilkynna skal mótshaldara um nafn/nöfn viðkomandi eigi síðar en 5 dögum fyrir mót.~~

5.3 ~~Sambandsaðilar/íþróttabandalög eru hvött til að tilnefna sérstakan tjaldbúðastjóra fimm dögum fyrir mót.~~

5.4 Mótshaldari skal sjá um ytri gæslu á ~~keppendatjaldsvæðum~~ ~~þátttakenda~~ ~~en~~ og jafnframt setja ~~gestum~~ reglur um umgengni sem tjaldbúðastjórar ~~adstoða við skulu sjá um~~ að framfylgja.

~~5.5.~~ 5.4 Íþróttaleikar fyrir börn 10 ára og yngri ~~skal skulu~~ vera hluti af afþreyingardagskrá mótsins þar sem allir fá viðurkenningu fyrir þátttöku án þess að um keppni sé að ræða.

6. Íþróttakeppnin

6.1 ~~Keppnisgreinar skulu vera fjölbreyttar og höfða til sem flestra.~~ Ætíð skal keppt í glímu, frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfubolta og sundi. ~~á mótunum.~~ Mótshaldari ákveður síðan hvaða greinar til viðbótar verða keppnisgreinar á mótinu.

~~6.2 Mótshaldari skal tilkynna UMFÍ, sambandsaðilum og íþróttabandalögum hvaða keppnisgreinar verði á mótinu eigi síðar en fyrir 1. janúar á mótsári. Keppni skal ekki fella niður nema enginn skrái sig til leiks eða ófyrirsjáanleg atvik komi upp.~~

6.2 Mótshaldari skal sjá til þess að keppnisadstaða í öllum keppnisgreinum takið mið af reglum sérsambanda. Mótshaldari skal tilkynna endanlegar keppnisgreinar eigi síðar en 15. janúar.

6.3 Mótshaldari skal sjá til þess að keppnisadstaða í öllum keppnisgreinum sé eins og best verður á kosið í samræmi við [reglur UMFÍ um staðarval landsmóta].

6.4 6.3 Keppt skal eftir leikreglum og aldursflokkaskiptingu viðkomandi sérsambands. ~~og starfsíþróttaráðs UMFÍ.~~ Mótshaldari hefur heimild til frávika að því er varðar stærð leikvalla, fjölda keppenda og lengd viðureigna, ef aðstæður krefjast þess. Þá eru aldursmörk mótsins eru ófrávikjanleg og gilda fyrir einstaklinga, óháð reglum sérsambanda. Unglingalandsmótsnefnd er þó heimilt að breyta aldurskíptingu, keppnisreglum og kröfum um aðstöðu gerist þess þörf og skal það tilkynnt áður en keppni hefst.

6.5 6.4 Endanleg tímasetning keppnisgreina skal liggja fyrir kvöldið fyrir mótsbyrjun. ~~Tímaseðill~~ Skipulag keppnisgreina skal liggja fyrir eigi síðar en kvöldið fyrir keppni.

~~6.6 6.5 Þrír fyrstu í hverri einstaklingsgrein hljóta verðlaun svo og einstaklingar í þremur fyrstu liðunum í flokkakeppni en því er beint til mótshaldara að stilla verðlauna afhendingum í höf.~~

~~6.7 Ekki skal reikna út heildarstig á mótinu.~~

~~6.8 6.6 Keppendur geta aðeins keppt með einu liði í hverri íþróttagrein á mótinu. Ef keppandi verður uppvís að leika með öðru liði en sínu skal lið það sem hann lék ólöglega með tapa viðkomandi *viðureign og getur ekki unnið til verðlauna.* ~~Í riðlakeppni er þó heimilt að fá lánaðan leikmann úr öðru liði með fyrirfram samþykki mótherja og skal dómari leiksins staðfesta það fyrir leik.~~~~

7. Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ

7.1 Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ er afhentur á mótsslitum til þess héraðssambands eða íþróttabandalags sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu *á mótinu*, innan sem utan keppni *svallar*.

7.2 Mótshaldari skipar þriggja manna dómnefnd sem velja skal það héraðssamband/íþróttabandalag sem hlýtur bikarinn og skal UMFÍ tilnefnda einn fulltrúa í dómnefnd.

7.3 Sérstök reglugerð er um Fyrirmyndarbikarinn sem segir til um hvað fyrirmyndafélagið þarf að uppfylla til að hljóta bikarinn.

8. Um fundi, kærur o.fl.

8.1 Áður en keppni hefst skal stjórn UMFÍ skipa þriggja manna dómnefnd, ~~þar af einn sem er tilnefndur af ungingalandsmótsnefnd.~~ Nefndin skal fjalla um öll deilumál sem upp koma fyrir keppni eða í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands. Kærur skulu vera skriflegar ~~og undirritaðar af fyrirliða og fararstjóra~~ og berast mótstjórn eigi síðar en einni klukkustund eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. *Kærur skulu undirritaðar af forsvarsmanni viðkomandi keppnisliðs eða einstaklings.* ~~Fulltrúi kæranda skal vera viðstaddur meðferð málsins og fulltrúi kærða skal eiga þess kost.~~ Úrskurði dómnefndar verður ekki áfrýjað.

9. Annað

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Vísað til Íþrótt- og allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 7

Reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+.

Greinargerð. Gerðar eru tillögur um breytingar á reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+. Viðbætur eru skáletraðar í textanum og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+

1. Almenn um mótið

~~3. grein~~

~~1.1 Mótið skal vera fjölbreytt og með sem mestum menningarblæ þannig að það sýni störf félaganna í sem ríkustum mæli. Markmið mótsins er að bæta lýðheilsu almennings ~~og skal mótshaldari standa fyrir fyrirlestrum og kynningum á hverju því sem getur leitt til bættrar heilsu fólks.~~~~

~~4. grein~~

~~Landsmót skal halda ár hvert og standa í 3—5 daga. Skal mótssetning fara fram á föstudagskvöldi.~~

~~1.2 Landsmót UMFÍ 50+ skal halda ár hvert og standa í 3 daga. Mótssetning skal fara fram á föstudegi og mótsslit á sunnudegi.~~

~~2. grein~~

~~Landsmótsnefnd skal að lágmarki skipuð sjö fulltrúum. UMFÍ tilnefnir einn fulltrúa, nefnd eldri ungmennafélaga UMFÍ tilnefnir einn fulltrúa og mótshaldari tilnefnir að lágmarki fimm fulltrúa.~~

~~Æskilegt er að sveitarstjórnir og keppendur á sambandsvæðinu eigi fulltrúa í nefndinni. UMFÍ skipar framkvæmdarstjóra mótsins. Landsmótsnefnd skal skipuð eigi síðar en sex mánuðum fyrir mót.~~

~~1.3 Skipa skal landsmótsnefnd sem starfar að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Í henni skulu sitja fulltrúar frá mótshaldara (sambandsaðila), sveitarfélagi og UMFÍ.~~

2. Umsókn og undirbúningur

2.1 Stjórn UMFÍ skal auglýsa eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að halda Landsmót 50+ og tilkynna niðurstöðu með formlegum hætti á næsta móti.

2.2 UMFÍ skal gera skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess. Aðilar að samningum eru mótshaldari (sambandsaðili), viðkomandi sveitarfélag og UMFÍ.

2.3 UMFÍ skal koma sterkt að yfirbragði mótanna, m.a. með fjármögnun og kynningu þeirra. UMFÍ leggur til framkvæmdastjóra á sinn kostnað.

3. Um þátttökurétt

~~4. grein~~

~~3.1 Allir 50 ára og eldri hafa keppnisrétt á mótinu. Aldur miðast við almanaksár.~~

~~5. grein~~

~~3.2 Hver keppandi má keppa í eins mörgum keppnisgreinum og hann vill. Ef þátttaka er mikil getur mótshaldari í samráði við landsmótsnefnd sett takmarkanir á fjölda þátttakenda bæði í einstaklings- og liðagreinum. Mótshaldara er heimilt að auglýsa ótakmakaða þátttöku í einstökum greinum, þar sem höfðað er til fjöldaðáttöku. s.s. í almenningshlaupum óháð aldri.~~

~~6. grein~~

~~3.3 Landsmótsnefnd skal Auglýsa skal drög að tímasettri dagskrá mótsins í síðasta lagi mánuði fyrir mót.~~

~~Þátttökutilkynningar með kennitölu skulu vera komnar í hendur framkvæmdanefndar mótsins 10 dögum fyrir mót.~~

~~Landsmótsnefnd er heimilt að setja sérstakar reglur í samráði við stjórn UMFÍ um á hvern hátt þátttökutilkynningum skuli skilað.~~

~~7. grein~~

~~Heimilt er að breyta nöfnum í greinum þar til einum degi fyrir upphaf móts og skulu tilkynningar berast til sérgreinastjóra viðkomandi keppnisgreina.~~

~~3.4 Skráningu lýkur um miðnætti síðasta sunnudag fyrir mót. Landsmótsnefnd hefur heimild til að lengja skráningarfrést í öllum eða ákveðnum greinum.~~

~~8. grein~~

~~3.5 Landsmótsnefnd Stjórn UMFÍ ákveður þátttökugjald hverju sinni.~~

4. Starfsfólk

~~9. grein~~

~~Óski mótshaldari eftir starfsmönnum frá öðrum sambandsaðilum og félögum skal það gert mánuði fyrir mót.~~

~~4.1 Mótshaldari ber ábyrgð á að útvega starfsfólk/sjálfbodaliða við allar keppnisgreinar og viðburði mótsins.~~

5. Um fundi, kærur og fleira

~~10. grein~~

~~5.1 Komi upp ágreiningur gilda reglur sérsambands og viðkomandi íþróttagreinar. Áður en keppni hefst skal stjórn UMFÍ skipa þriggja manna dómnefnd. Nefndin skal fjalla um öll deilumál sem upp koma fyrir keppni eða í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands. Kærur skulu vera skriflegar og berast til~~

~~Sérgreinastjóra mótstjórnar~~ eigi síðar en ~~30 mín~~ *einni klukkustund* eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. *Kætur skulu undirritaðar af forsvarsmanni viðkomandi keppnisliðs eða einstaklings.* ~~Úrskurður sérgreinastjóra~~ *Úrskurði dómnefndar* verður ekki áfrýjað.

6. Keppnisgreinar

11. grein

~~Mótshaldari skal ákveða keppnisgreinar og skulu þær vera að lágmarki sjö auk þriggja starfsíþróttagreina.~~

6.1 Landsmótsnefnd ákveður keppnisgreinar á mótinu í samráði við UMFÍ.

12. grein

~~Aldursskipting eins og til dæmis í sundi og frjálsum fer eftir reglum sérsambanda. Ef þátttaka er mikil í einstökum greinum, eins og í boccia, er mótshaldara heimilt að aldursskipta þeim greinum. Dæmi: 50—64 ára og 65 ára og eldri.~~

6.2 Landsmótsnefnd ákveður aldursskiptingar í öllum keppnisgreinum.

7. Um verðlaun

13. grein

~~7.1 Allir keppendur hljóta viðurkenningu fyrir þátttöku.~~ Þrjú fyrstu í hverri grein hljóta verðlaun.

VII. Gildistími

14. grein

~~Reglugerð þessi var samþykkt á sambandsráðsfundi UMFÍ sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri 12.—13. október 2012 og tekur strax gildi.~~

8. Annað

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Vísad til Íþróttá- og allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 8

Heiðursviðurkenningar Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til þess að gera breytingar á reglugerð um heiðursviðurkenningar.

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMFÍ

1. grein.

Stjórn UMFÍ getur kosið heiðursfélaga. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki samtakanna. Aðeins skal tilnefna þá til heiðursfélaga sem hafa unnið áratuga heillaríkt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir hana. Þessa sæmd má einnig sýna merki brautryðjendum hreyfingarinnar.

2. grein.

Framkvæmdastjórn UMFÍ veitir starfsmerki UMFÍ. Starfsmerki UMFÍ má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagsstörfum, skipulagsstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviði. Til grundvallar þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

3. grein.

Stjórn UMFÍ veitir gullmerki UMFÍ. Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Viðtakandi verður að hafa unnið mörg trúnaðarstörf fyrir ungmennafélagshreyfinguna. Einnig má veita þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri sem stjórn telur við hæfi.

4. grein

Þakkarskjöld UMFÍ má veita hverjum þeim aðila sem sýnt hefur ungmennafélagshreyfingunni stuðning þó viðkomandi sé ekki ungmennafélagi.

Stjórn, framkvæmdastjórn og formaður UMFÍ mega veita þakkarskjöld UMFÍ.

5. grein

~~Reglugerð þessi öðlast gildi þegar hún hefur verið samþykkt á þingi UMFÍ.~~

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Vísað til Íþróttá- og allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 9

Húsnæði Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til þess að taka ákvarðanir um sölu og í framhaldi kaup á húsnæði fyrir samtökin komi sú staða upp á næstu tveimur árum.

Vísað til Fjárhagsnefndar

Þingskjal nr. 10

Lýðheilsuverkefni Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, felur stjórn UMFÍ að leita eftir samvinnu við ríkisstjórn Íslands með það að markmiði að ungmenna- og íþróttahreyfingin stuðli að fjölbreyttri hreyfingu þjóðarinnar. Bætt heilsufar og aukin lífsgæði eru þar í forgrunni.

Vísað til Íþróttá- og allsherjarnefndar

Þingskjal nr. 11

Aðild íþróttabandalaga Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir umsókn íþróttabandalaga um inngöngu í UMFÍ að því gefnu að lagabreytingar í þingskjali 12 verði samþykktar.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga.

Vísað til Laga- og aðildarnefndar

Pingskjal nr. 12

Lagabreytingar Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ. Tillögurnar fela í sér breytingar í tengslum við aðild íþróttabandalaga að UMFÍ; 4.grein, 5.grein, 7.grein, 9.grein, og 12.grein.

Tillögur um aðrar lagabreytingar eru gerðar á 11. og 13.grein.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga varðandi 4.,5.,7.,9. og 12. grein laganna.

Lagabreytingar á 11. og 13. grein eru til nánari skilgreiningar laganna.

Lög Ungmennafélags Íslands

I. kafli: Nafn, fáni og kjörorð

1. grein

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn.

Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt.

Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess.

II. kafli: Markmið UMFÍ

3. grein

Markmið UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Markmiði sínu hyggst UMFÍ ná með því að:

- Vinna að líkamlegum og félagslegum þroska félagsmanna sinna með því að gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Varðveita menningarlegt og efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnyttjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, átt Haga og ættjörð.

III. kafli: Réttindi og skyldur

4. grein

UMFÍ skiptist í héraðssambönd, ~~og~~ ungmennasambönd *og íþróttabandalög*. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda, ~~og~~ ungmennasambanda *og íþróttabandalaga* sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ. ~~Aðilar að UMFÍ skulu hafa heitin „héraðssamband“, „ungmennasamband“ eða „ungmennafélag“ í heiti sínu.~~

5. grein

Inntökubeiðni ~~héraðssambands eða félags~~ í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum ~~þess umsjækjanda~~ sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku, ~~en stjórn UMFÍ getur veitt félagi bráðabirgðaaðild milli þinga~~. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og ~~héraðssamböndum~~ úr UMFÍ.

6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

7. grein

Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til [héraðssambands sambandsaðila](#). [Héraðssamband Sambandsaðili](#) sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skylt er [héraðssamböndum sambandsaðilum](#) að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

Um úthlutun lottótækna sem renna til UMFÍ fer samkvæmt reglum sambandsþings UMFÍ. Breytingar á þeim reglum fara skv. ákvæðum um breytingar á lögum UMFÍ skv. 16. grein laga UMFÍ.

8. grein

Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna.

IV. kafli: Stjórnun UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. maí það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201–~~400~~ 1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja ~~800~~ 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki ~~17~~ 10 fulltrúa.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn héraðssambanda, ~~og~~ ungmennasambanda og [fþróttabandalaga](#) eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögum eftir löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.
- Lagabreytingar.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn.
- Kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd, kjósa 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal [á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar](#) dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu ~~a.m.k. þrjú~~ fulltrúar frá hverju kjördæmi ~~þar sem starfandi er héraðssamband sem er aðili að UMFÍ~~. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri menn en ~~þrjá~~ *einn* úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. *Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.*

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða *eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.*

V. kafli: Landsmót og Unglingalandsmót

13. grein

Sambandsþing Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir *mótanna*.

Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir fögum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisþróttá sé eins góð og kostur er.
- Almenningsi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

VI. kafli: Heiðursviðurkenningar

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá menn er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

VII. kafli: Slit Ungmennafélags Íslands

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmeðu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukapíngi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða. Á aukapínginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukapíngið.

Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukapíngið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

VIII. kafli: Lagabreytingar og gildistaka

16. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmeðu sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing.

Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð

17. grein

Sambandslög þessi öðlast þegar gildi. Eru þar með eldri lög úr gildi numin.

Vísað til Laga- og aðildarnefndar

Þingskjal nr. 13

Reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið í Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á lottó reglugerð UMFÍ. Tillagan tengist tillögu 11 og 12 um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga.

Lottóreglur og lottóúthlutanir

I. Skipting lottótekna UMFÍ:

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hluttur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir

Einn hluttur: héraðssambönd.

30% af hlut: Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMF, UMF og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

IV. Regla vegna íbúafjölda:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af

Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar.

~~Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu. Félag með beina aðild að UMFÍ halda óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.~~

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2016. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandaaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun.

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Vísað til Laga- og aðildarnefndar

Þingskjal nr. 14

Lagabreyting Tillaga frá stjórn UMSK

50. sambandsþing UMFÍ haldið í Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir breytingu á 11. grein laga UMFÍ,

Er:

11. grein Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar. Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu a.m.k. þrjár fulltrúar frá hverju kjördæmi þar sem starfandi er héraðssamband sem er aðili að UMFÍ. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri menn en þrjá úr hverju kjördæmi. Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar. Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi. Verkefni stjórnar skulu vera: Stýra málefnum UMFÍ milli þinga. Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar. Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar. Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ. Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.

Verður:

11. grein Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn

skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn. ***Pingfulltrúi getur á sambandsþingi farið með tvö atkvæði sama sambandsaðila, liggi fyrir gilt umboð. Gilt umboð telst vera umboð áritað af formanni eða framkvæmdastjóri viðkomandi sambandsaðila dagsett áður en þing hefst.*** Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar. Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu a.m.k. þrír fulltrúar frá hverju kjördæmi þar sem starfandi er héraðssamband sem er aðili að UMFÍ. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri menn en þrjá úr hverju kjördæmi. Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar. Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi. Verkefni stjórnar skulu vera: Stýra málefnum UMFÍ milli þinga. Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar. Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar. Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ. Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.

Greinargerð:

Sambandsaðilar geta lent í erfiðleikum með að fylla tölu þingfulltrúa á sambandsþingi. Bæði getur þar verið um að ræða að ferðakostnaður sé of þungur baggi og eins sá að ekki næst að fullmanna fjölda þingfulltrúa. Því er hér lagt til að sá möguleiki sé fyrir hendi að þingfulltrúi sambandsaðila geti farið með tvö atkvæði, það er sitt eigið og annars fulltrúa sem sambandsaðili á rétt á. Þannig geta sambandsaðilar haft áhrif á sambandsþingi m.v. vægi þó svo ekki takist að fullmanna fjölda þingfulltrúa.

Vísad til Laga- og aðildarnefndar

Þingskjal nr. 15

Hvatningartillaga Tillaga frá stjórn Keflavík íþróttá- og ungmennafélag

50. sambandsþing UMFÍ haldið í Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að hafa forystu um að koma á samstarfi við ríkisvaldið um að ferðakostnaður vegna landsliðsferða einstaklinga verði greiddur af hálfu íslenska ríkisins.

Greinargerð:

Fagna ber því að styrkur ríkisins til afreksstarfs hefur aukist og á að vaxa á næstu árum. Það má þó ekki vera þannig að afreksfólkið okkar þurfi að eiga efnaða foreldra eða forráðamenn til að geta keppt fyrir land og þjóð. Við, sem þjóð, erum afar stolt af okkar frábæra afreksfólki og afrekum þess. Staðreyndin er sú að unglingur sem valin er í íslenskt landslið og keppir fyrir land og þjóð þarf oft að leggja út kostnað til að geta tekið þátt. Kostnaðurinn getur hlaupið á hundruðum þúsunda króna sem unglingurinn eða fjölskylda hans þarf að leggja út.

Hér er átt við beinn útlagðan kostnað sem hlýst af keppnisferðum íslensku landsliðanna, ekki ferðum á landsliðsæfingar. Sá kostnaður kemur væntanlega úr afrekssjóði. Þetta er til skammar og á ekki að vera svona.

Einar Haraldsson Keflavík íþróttá- og ungmennafélag, mælti fyrir tillögunni.

Vísad til Íþróttá - allsherjarnefndar

**Hvatningartillaga
Tillaga frá Ungmennaráði UMFÍ**

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017 samþykkir að hvetja sambandsaðila til að auka fjölda ungmenna sem fulltrúum á sambandsþingum UMFÍ í framtíðinni.

Greinargerð: Ungmennni eru stór hluti af samfélaginu og framtíð þess. Þess vegna á það að vera markmið UMFÍ og vilji að auka þátttöku ungs fólks í samfélaginu, sérstaklega innan UMFÍ.

Ungmennni vilja setja mark sitt á viðburði á vegum UMFÍ, Unglingalandsmót UMFÍ og ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði. Til viðbótar má víða í samfélaginu sjá í auknum mæli hvað gert er til að auka þátttöku ungs fólks í samfélaginu, hvort sem um er að ræða stjórnmalaflokka eða félagasamtök.

Það er því ósk ungmennaráðs að UMFÍ fylgi þróun samfélagsins, haldi áfram að valdefla ungmenni, auka vægi þeirra í starfi UMFÍ og leyfa rödd þeirra að hljóma. Með því móti hjálpar UMFÍ ungmennum að verða virkari þátttakendur í samfélaginu.

Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir fulltrúi í Ungmennaráði UMFÍ, mælir fyrir tillögunni.

Vísad til Laga- og aðildarnefndar

Viðauki vegna þingskjala 11,12 og 13

**Nefndarálit
Innganga íþróttabandalaga í UMFÍ**

I. Inngangur

49. sambandsþing UMFÍ samþykkti svohljóðandi tillögu:

49. sambandsþing UMFÍ haldið í Vík í Mýrdal 17.–18. október 2015, samþykkir að hefja vinnu við undirbúning á inntöku íþróttabandalaga í Ungmennafélag Íslands. Stjórn UMFÍ er falið að undirbúa inntöku íþróttabandalaganna með því að skipa nefnd sem endurskoðar lög UMFÍ, lottóreglugerð og aðra þætti sem taka þarf tillit til. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðsla um inntöku íþróttabandalaganna verði á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017. Skilað verði stöðuskýrslu á sambandsráðsfundi 2016.

Stjórn UMFÍ skipaði nefnd í samræmi við tillöguna sem hefur unnið að verkefninu. Í nefndina voru skipuð: Guðmundur Sigurbergsson, Jóhanna Kristjánsdóttir, Jón Karl Ólafsson, Jón Páll Hreinsson og Þórir Haraldsson. Auður Inga Þorsteinsdóttir og Helgi Gunnarsson voru starfsmenn nefndarinnar. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ fundaði reglulega með nefndinni.

Nefndin horfði í vinnu sinni sérstaklega til þeirra efnisatriða sem fram komu í greinargerð með ofangreindri samþykkt frá 49. Sambandsþingi UMFÍ, auk þess að skoða þá vinnu sem áður hefur farið fram, tillögur og samþykktir sem hafa verið gerðar af hliðstæðu tilefni.

Til þess að fá fram afstöðu íþróttabandalaga sendi nefndin öllum íþróttabandalögum sem sótt hafa um aðild að UMFÍ sérstakt erindi hinn 14. nóvember þar sem óskað var eftir álitu íþróttabandalagsins um kosti þess er fylgja aðild að UMFÍ, hvernig aðildin geti eftl starf UMFÍ og sambandsaðila innan hreyfingarinnar. Þá var einnig óskað eftir afstöðu íþróttabandalags til lottóúthlutunar UMFÍ og fjölda þingfulltrúa. Einungis bárust svör frá tveimur íþróttabandalögum. Annars vegar er um að ræða svar frá ÍBR þar sem m.a. kemur fram að ÍBR telur inngöngu í UMFÍ spennandi tækifæri til skipulagsbreytinga sem geta skapað meira hagræði og skilvirkni í hreyfingunni. ÍBR telur að lottóúthlutun þurfi að skoða heildstætt fyrir alla hreyfinguna. Hins vegar kom svar frá ÍBH þar sem rætt er um aukið aðgengi að fræðslu og viðburðum

ásamt aukinni samvinnu í íþróttahreyfingunni. ÍBH leggur áherslu á að sömu reglur myndu gilda um ÍBH eins og aðra sambandsaðila og þau réttindi myndu strax taka gildi.

Nefndin telur athyglivert að einungis tvö íþróttabandalög hafi talið ástæðu til að svara erindi nefndarinnar. Jafnframt vill nefndin þakka þau svör sem bárust. Þau gefa að mati nefndarinnar tilefni til að opna íþróttabandalögum, sem áhuga hafa, leið til að verða sambandsaðilar UMFÍ sem getur orðið til að efla starfsemi allra viðkomandi aðila. Jafnframt verður að ætla UMFÍ og núverandi sambandsaðilum rétt til að standa vörð um sína hagsmuni þegar svo fjölmenn samtök óska eftir að gerast aðilar að UMFÍ.

Því er það niðurstaða nefndarinnar að leggja fram tillögur til breytinga á lögum UMFÍ sem varðar inntöku íþróttabandalaga í Ungmennafélag Íslands og jafnframt tillögu til breytinga á reglum um úthlutun lottótekna UMFÍ. Nefndin skoðaði fleiri en eina útfærslu en er sammála um það nefndarálit og tillögur sem hér eru lagðar fram.

Nefndin telur nauðsynlegt að tillögur og greinargerð nefndarinnar verði sent til allra sambandsaðila UMFÍ til kynningar þannig að aðilar eigi þess kost að taka efni þeirra til umræðu á aðalfundum og ársþingum. Jafnframt er eðlilegt að íþróttabandalög sem sótt hafa um aðild fái tillögur og greinargerð nefndarinnar til skoðunar. Með þeim hætti geta allir hlutaðeigandi aðilar komið sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri, mögulegt verður að efna til umræðna og skoðanaskipta og allir aðilar verða þá upplýstir um efnisatriði þegar að 50. Sambandsþingi UMFÍ kemur.

Þá telur nefndin eðlilegt að íþróttabandalög sem áhuga hafa á, endurnýi umsóknir sínar um aðild að UMFÍ, tímanlega fyrir 50. Sambandsþing UMFÍ þannig að þar liggja fyrir staðfestur áhugi þeirra til að ganga í UMFÍ.

II. Meginatriði tillagna nefndarinnar eru eftirfarandi:

1. Breyting á lögum UMFÍ um að

- Íþróttabandalög geti orðið aðilar að UMFÍ. Rétt er að benda á að ekki er haggð þeirri reglu að ungmennafélög innan héraðssambanda, ungmennasambanda og íþróttabandalaga sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, geti áfram verið aðilar að UMFÍ og ný ungmennafélög á þeim svæðum gætu í framtíðinni fengið aðild að UMFÍ.
- Um úthlutun lottótekna fari samkvæmt reglum sem Sambandsþing UMFÍ setur og til að breyta þeim fari eftir sömu reglum og um breytingar á lögum UMFÍ, þ.e. til þess þurfi aukinn meirihluta greiddra atkvæða; 2/3 hluta.
- Breytt verði fjöldi skattskyldra félaga sem standa að baki hverjum fulltrúa sambandsaðila á sambandsþingi UMFÍ og jafnframt að hámarksfjöldi fulltrúa frá hverjum sambandsaðila breytist úr 18 í 10.

2. Breyting á lottóreglum UMFÍ

Nefndin leggur til að breytt verði VII kafla Lottó úthlutunarreglna UMFÍ, þannig að núverandi ákvæði um að nýir aðilar fái ekki úthlutað lottó fyrr en 38 mánuðum eftir inngöngu falli niður. Í stað þess komi ákvæði sem kveður á um að eingöngu þeir aðilar sem voru sambandsaðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2016 fái úthlutað Lottó frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar lottóúthlutunarreglur sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ verði lottóúthlutunarreglum UMFÍ breytt til samræmis.

III. Greinargerð með tillögu um breytingar á lögum UMFÍ

UMFÍ er nú að verða 110 ára gömul samtök og aðild að þeim fylgja ýmis réttindi og skyldur. Þau réttindi og skyldur eru af ýmsum toga, t.d. bæði félagsleg og fjárhagsleg sem hafa verið til umræðu á undanfönum þingum UMFÍ, og ekki er sjálfgefið að nýir sambandsaðilar öðlist full réttindi þegar við inngöngu. Hér er bæði um að ræða efnislegar eignir og önnur réttindi svo sem rétt til aðildar að ákvarðanatöku á þingum UMFÍ, rétt til hlutdeildar í hagnaði af Lottó, þátttöku í viðburðum og starfi samtakanna o.fl. Þau réttindi sem nefndinni er sérstaklega ætlað að skoða varða efnislegar eignir og réttindi þeim tengd.

Verðmætasta eignin og réttindin tengjast eignarhlut UMFÍ í Íslenskri getspá. Miðað við núgildandi úthlutunarreglur á lottótekjum UMFÍ, myndi hlutur núverandi sambandsaðila UMFÍ u.þ.b. helmingast ef öll íþróttabandalögin fengju inngöngu í samtökin með fullum réttindum. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að fram komi að núverandi sambandsaðilar UMFÍ sæta skerðingu á lottótekjum frá ÍSÍ vegna aðildar sinnar að báðum samtökunum. Skýrt hefur komið fram í umræðu meðal sambandsaðila UMFÍ á undanföngnum árum að ekki sé við því að búast að núverandi sambandsaðilar UMFÍ geti fallist á slíka lækkun á tekjum frá UMFÍ að óbreyttum skerðingum hjá ÍSÍ enda eru lottótekjur verulegur hluti af rekstrartekjum margra sambandsaðila UMFÍ og skipta þar af leiðandi miklu í rekstri þeirra. Verður að

ætla að þar til næst samkomulag aðildarsamtaka ÍSÍ og UMFÍ um samræmdar úthlutunarreglur allra lottótekna sem frá þessum aðilum koma, muni sambandsaðilar UMFÍ leita allra leiða til að verja sinn rétt í þessu efni, enda hafa þeir til þess ótvíræðan rétt. Þegar það markmið næst að öll íþróttahreyfingin nær samstöðu um eina og samræmda skiptingu á öllum lottóhagnaði sem nú rennur til ÍSÍ og UMFÍ, munu úthlutunarreglur UMFÍ væntanlega breytast til samræmis við það samkomulag.

Þegar horft er til ofangreindra sjónarmiða verður einnig að gera þær kröfur að til að tillögur um breytingar á úthlutunarreglum nái fram að ganga, verði að ríkja um þær nokkuð víðtæk sátt innan hreyfingarinnar. Því er lagt til að um breytingar á reglum um úthlutun lottótekna sem í dag kveða á um meirihluta atkvæða verði með sama hætti og breytingar á lögum UMFÍ og þurfi samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Æðsta vald í málefnum UMFÍ er í höndum sambandsþings sem haldið er annað hvort ár. Sambandsaðilar UMFÍ eiga rétt á að senda fulltrúa á sambandsþing með atkvæðisrétti samkvæmt reglum sem lögfestar eru í 9. grein laga UMFÍ. Samkvæmt þeirri reglu er öllum sambandsaðilum tryggt að eiga rétt á að senda fulltrúa á sambandsþing, því til viðbótar þurfi ákvæðinn fjöldi félagsmanna 16 ára og eldri að standa að baki hverjum viðbótarfulltrúa og að lokum er kveðið á um hámarksfulltrúafjölda frá hverjum sambandsaðila. Reglum um þann fjölda félagsmanna sem standa þarf að baki hverjum viðbótarfulltrúa og ákvæði um hámarksfjölda er ætlað að stuðla að því að þing UMFÍ geti verið skilvirk og umfang þess fari ekki fram úr því að hægt sé að halda þingið víða um landið. Vissulega má segja að með þessu birtist ákvæðin mismunun þar sem minni aðilar geti haft meiri áhrif en hinir stærri heldur en hlutfallslegur samanburður félagsmanna gefur tilefni til. Um þessar reglur hefur ríkt víðtæk sátt og hinir stærri aðilar hafa sætt sig við þessar reglur og heyrst hafa þau sjónarmið frá þeim að þeir geti hæglega komið sjónarmiðum sínum á framfæri og unnið þeim framgang innan þessara marka en hafa ekki áhuga á að knýja fram úrslit mála í krafti stærðar eða fjölda.

Ef nokkur fjölmennustu íþróttabandalögin sækja um og fá aðild að UMFÍ er ljóst að þau munu fá rétt til að senda verulegan fjölda þingfulltrúa á sambandsþing UMFÍ. Með því myndu, að óbreyttum reglum, áhrif þeirra á ákvarðanatöku verða mjög veruleg, auk þess sem fjöldi þingfulltrúa myndi aukast verulega. Því leggur nefndin til að reiknireglu í 9. grein laga UMFÍ verði breytt og hámarksfjöldi fulltrúa einnig breytt úr 17 fulltrúum í 10.

IV. Nánar um efnisatriði tillagna nefndarinnar:

Í tillögu um breytingu á lögum UMFÍ er í fyrsta lagi lagt til að íþróttabandalög geti gerst aðilar að UMFÍ með breytingu á 4. grein. Jafnframt er felld niður núverandi skilyrði í niðurlagi 4. greinar um hvaða heiti aðilar að UMFÍ skuli hafa í heiti sínu. Benda ber á að hvorug þessi breyting hefur áhrif á rétt ungmennafélaga til beinnar aðildar að UMFÍ, enda uppfylli þau skilyrði greinarinnar. Tillögur um breytingar á 5. grein eru afleiðingar af framangreindri breytingu, að öðru leyti en því að sérstaklega er lagt til að heimild stjórnar til að veita bráðabirgðaaðild verði felld niður þannig að nýir aðilar verði eingöngu teknir inn í samtökin á sambandsþingi.

Í öðru lagi er lagt til að sú leið verði farin að kveða í lögum UMFÍ, í III. kafla sem fjallar um réttindi og skyldur sambandsaðila, skýrt á um að um lottóúthlutun fari eftir samþykkt sambandsþings UMFÍ og að til að breyta þeim reglum fari eftir sömu lagaákvæðum og um breytingu á lögum UMFÍ, þar á meðal að því er varðar áskilnað um aukinn meirihluta og þann fyrirvara og kynningar sem hafa skal um slíkar tillögur. Þessa sér stað í tillögum nefndarinnar að breytingum bæði á 7. grein og 12. grein.

Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði breyting á fjölda þingfulltrúa. Sú breyting sem lögð er til er tvíþætt, - annars vegar að fleiri félagsmenn þurfi að standa að baki hverjum þingfulltrúa, að frátöldum fyrsta fulltrúa. Hinsvegar að hámarksfjölda þingfulltrúa hvers sambandsaðila sé bundinn við 10, í stað 17 nú. Þessu til viðbótar eru formaður eða staðgengill formanna héraðssambanda, ungmennasambanda og íþróttabandalaga sjálfkjörnir. Breytingunum er annarsvegar ætlað að halda heildarfjölda þingfulltrúa innan þeirra marka að vel sé framkvæmanlegt að halda þingið víða um landið og hinsvegar er breytingunum ætlað að tryggja að til þess að gera grundvallarbreytingar á starfsemi og skipulagi samtakanna þurfi að ríkja um það býsna víðtæk sátt meðal sambandsaðila.

Með þessu fyrirkomulagi verður þing UMFÍ áfram skipað svipuðum fjölda þingfulltrúa, eða um 140 þingfulltrúar. Miðað við óbreytt lög eftir inngöngu íþróttabandalaga hefði fjöldi þingfulltrúa orðið rúmlega 170 þingfulltrúar. Sjá fylgiskjal.

Í fjórða lagi eru síðan lagðar til breytingar á reglum UMFÍ um skiptingu lottótekna til sambandsaðila UMFÍ sem kveður á um að þær eigi eingöngu við þá sambandsaðila sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2016 en aðrir fái ekki úthlutun. Vonast er til að þetta ákvæði verði eingöngu tímabundið þannig að þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um úthlutun á lottótekjum UMFÍ og ÍSÍ til sambandsaðila beggja samtakanna verði úthlutunarreglum UMFÍ breytt til samræmis við það samkomulag.

Verði tillaga þessi samþykkt er ljóst að sambandsaðilar sem fá aðild að UMFÍ eftir 1. september 2017 geta ekki, án breytinga á reglum um lottóúthlutun, fengið hlutdeild í hagnaði af Lottói.

V. Tillögur að breytingum á lögum UMFÍ.

Lagðar eru til breytingar á eftirtöldum greinum laganna: 4. grein., 5. grein, 7. grein, 9. grein og 12. grein.

a) 4. grein.

Núverandi 4. grein hljóðar svo:

UMFÍ skiptist í héraðssambönd og ungmennasambönd. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda og ungmennasambanda sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ. Aðilar að UMFÍ skulu hafa heitin „héraðssamband“, „ungmennasamband“ eða „ungmennafélag“ í heiti sínu

Tillaga nefndarinnar er að í 1. ml. 4. gr. falli niður orðið „og“, við 1. ml. 4. greinar bætist orðin „og íþróttabandalög“, í upptalningu í lok 2. ml. bætist við orðin „og íþróttabandalaga“ og síðasti ml. 4. greinar falli brott. Eftir breytingu hljóði 4. grein svo:

UMFÍ skiptist í héraðssambönd, ungmennasambönd og íþróttabandalög. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda, ungmennasambanda og íþróttabandalaga sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ.

b) 5. grein

Núverandi 5. grein hljóðar svo:

Inntökubeiðni héraðssambands eða félags í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum þess sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar inntöku, en stjórn UMFÍ getur veitt félagi bráðabirgðaaðild milli þinga. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og héraðssamböndum úr UMFÍ.

Tillaga nefndarinnar er að í 1. ml. 5. gr. falli niður orðin „héraðssambands eða félags“ og í stað orðsins „þess“ komi „umsækjanda“. Niður falli síðari hluti 2. ml. sem hljóðar; „en stjórn UMFÍ getur veitt félagi bráðabirgðaaðild milli þinga“. Eftir breytingu hljóði 5. grein svo:

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjandasem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og héraðssamböndum úr UMFÍ.

c) 7. grein

Núverandi 7. grein hljóðar svo:

Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til héraðssambands. Héraðssamband sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skýlt er héraðssamböndum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

Tillaga nefndarinnar er að við 7. grein bætist ný mgr. sem verði 3. mgr. og hljóði svo: Um úthlutun lottótekna sem renna til UMFÍ fer samkvæmt reglum sem Sambandsþing UMFÍ setur. Breytingar á þeim reglum fara skv. ákvæðum um breytingar á lögum UMFÍ skv. 16. grein laga UMFÍ. Eftir breytingu hljóði 7. gr svo:

Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagaskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til sambandsaðila. Sambandsaðili sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skýlt er sambandsaðilum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

Um úthlutun lottótekna sem renna til UMFÍ fer samkvæmt reglum sem Sambandsþing UMFÍ setur. Breytingar á þeim reglum fara skv. ákvæðum um breytingar á lögum UMFÍ skv. 16. grein laga UMFÍ.

d) 9. grein

Núverandi 3. og 4. mgr. 9. gr. hljóðar svo:

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1 – 200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201 – 400 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 800 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki 17 fulltrúa.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn héraðssambanda og ungmennasambanda eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Tillaga nefndarinnar er að í 3. mgr. komi í stað talnanna „400“ og „800“, talan „1000“ og í stað tölunnar „17“ komi talan „10“. Í 4. mgr. bætist við orðin „og íþróttabandalaga“ á eftir orðinu „ungmennasambanda“ og orðið „og“ þar á undan falli niður. Eftir breytingu hljóði 3. og 4. mgr. 9. gr. svo:

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1 – 200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201 – 1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki 10 fulltrúa.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn héraðssambanda, ungmennasambanda og íþróttabandalaga eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

e) 12. grein

Núverandi 12. grein hljóðar svo:

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða.

Tillaga nefndarinnar er að við 12. grein bætist orðin „eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna“ og eftir breytingu hljóði 12. grein svo:

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

VI. Tillögur um breytingu á reglum um skiptingu lottótekna UMFÍ

Reglurnar bera yfirskriftina „Lottóreglur og lottóúthlutanir“. Lagðar eru til breytingar á VII. kafla reglnanna sem hefur yfirsögnina „Nýir sambandsaðilar“.

VII kafla hljóðar svo:

Nýir sambandsaðilar UMFÍ fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari 38 mánuðum eftir inngöngu.

Félög með beina aðild að UMFÍ halda óskiptum lottógreiðslum, þar til héraðssamband þess fær lottógreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

Tillaga nefndarinnar er að í stað núverandi kafla komi ný málsgrein sem hljóði sem að neðan greinir og þá hljóði VII kafla svo:

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2016. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandsaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

Fjöldi þingfulltrúa, núverandi lög og tillaga nefndar

Hér í töflunni er uppsettur þingfulltrúafjöldi eins og hann gæti litið út við inngöngu íþróttabandalaga. Annars vegar er miðað við forsendur fulltrúafjölda eins og hann er í dag og hins vegar miðað við tillögu nefndarinnar (gult).

Notað til viðmiðunar - Þing 2015

Sambandsaðili	Skattskyldir fél.	Fulltrúar	með form	vægi
HHF	768	2	3	2,1%
HSB	251	2	3	2,1%
HSH	1.414	3	4	2,8%
HSK	16.033	17	18	12,8%
HSS	532	2	3	2,1%
HSV	2.180	4	5	3,5%
HSP	2.642	4	5	3,5%
UDN	696	2	3	2,1%
UIA	4.200	6	7	5,0%
UIF	1.359	3	4	2,8%
UMSB	2.732	4	5	3,5%
UMSE	1.153	2	3	2,1%
UMSK	42.242	17	18	12,8%
UMSS	1.499	3	4	2,8%
USAH	890	2	3	2,1%
USÚ	1.465	3	4	2,8%
USVH	666	2	3	2,1%
USVS	615	2	3	2,1%
ÍA	1.874			
IBA	11.480			
IBH	11.419			
IBR	72.484			
IBV	1.716			
IRB *	12.240			
ÍS	2.099			
Keflavík	7.340	10	10	7,1%
UFA	469	2	2	1,4%
UMFG	387	2	2	1,4%
UMFK	228	2	2	1,4%
UMFN	3.075	5	5	3,5%
UMFF	13.047	17	17	12,1%
UMFÓ	29	1	1	0,7%
USK	81	1	1	0,7%
V	50	1	1	0,7%
UV	0	0	0	0,0%
UMFP	501	2	2	1,4%
Samtals	219.856	123	141	

Óbreyttar forsendur

Fulltrúar	með form	vægi
2	3	1,7%
2	3	1,7%
3	4	2,2%
17	18	10,1%
2	3	1,7%
4	5	2,8%
4	5	2,8%
2	3	1,7%
6	7	3,9%
3	4	2,2%
4	5	2,8%
2	3	1,7%
17	18	10,1%
3	4	2,2%
2	3	1,7%
3	4	2,2%
2	3	1,7%
3	4	2,2%
2	3	1,7%
2	3	1,7%
3	4	2,2%
16	17	9,6%
16	17	9,6%
17	17	9,6%
4	5	2,8%
5	5	2,8%
10	10	5,6%

Tillaga nefndar

fulltrúar	með form	vægi
2	3	2,1%
2	3	2,1%
3	4	2,8%
10	11	7,6%
2	3	2,1%
4	5	3,4%
4	5	3,4%
2	3	2,1%
6	7	4,8%
3	4	2,8%
4	5	3,4%
3	4	2,8%
10	11	7,6%
3	4	2,8%
2	3	2,1%
3	4	2,8%
2	3	2,1%
2	3	2,1%
3	4	2,8%
10	11	7,6%
10	11	7,6%
10	11	7,6%
10	11	7,6%
3	4	2,8%
4	5	3,4%
9	9	6,2%

Fjöldi fulltrúa - tillaga nefndar

0-200	1
201-1000	2
1001-2000	3
2001-3000	4
3001-4000	5
4001-5000	6
5001-6000	7
6001-7000	8
7001-8000	9
8001 og fleiri	10

Óbreyttar forsendur

0-200	1
201-400	2
401-1200	2
1201-2000	3
2001-2800	4
2801-3600	5
3601-4400	6
4401-5200	7
5201-6000	8
6001-6800	9
6801-7600	10
7601-8400	11
8401-9200	12
9201-10.000	13
10.001-10.800	14
10.801-11.600	15
11.601-12.400	16
12.401-13.200	17

* hafa ekki sótt um aðild að UMFÍ

Nefndir sem starfa á þingi UMFÍ.

Tillaga að skipan formanna og starfsmanna nefnda:

Íþróttá – og allsherjarnefnd: formaður, Guðríður Aadnegard HSK.

Starfsmaður nefndar: Ragnheiður Sigurðardóttir

Fjárhagsnefnd: formaður, Pálmi Blængsson UMSB.

Starfsmaður nefndar: Helgi Gunnarsson

Laga- og aðildarnefnd: formaður, Einar Kristján Jónsson Umf. Vesturhlöð.

Starfsmenn nefndar: Sabína Steinunn Halldórsdóttir, Ómar Bragi Stefánsson

Þingstörfum frestað kl. 14.05

Sunnudagur 15. október

NEFNDIR SKILA ÁLITI

Þingforseti gerði grein fyrir að notast yrði við nýtt rafrænt atkvæðagreiðslukerfi við afgreiðslu tillaga og kallaði eftir hvort þingið gerði athugasemd við það. Engin kvað sér hjóðs.

Íþróttá- og allsherjarnefnd

Guðríður Aadnegard HSK, formaður nefndarinnar gerði grein fyrir áliti nefndarinnar.

Í nefndinni störfuðu 49 þingfulltrúar.

Pingskjal nr. 17

Þakkartillögur Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Alþingi, fjárlaganefnd, ríkisstjórn Íslands og ráðherra mennta- og menningarmála þakkir fyrir þeirra framlag við uppbyggingu íþróttamannvirkja á liðnum árum og hvetur til þess að haldið verði áfram á sömu braut.
- Alþingi, fjárlaganefnd og ráðherra mennta- og menningarmála þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og vekja athygli á því mikilvæga íþrótt-, menningar- og umhverfisstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar.
- Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar góða aðstöðu og móttökur á 7. Landsmóti UMFÍ 50+, HSK fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð svo og sjálfbóðaliðum fyrir það mikla sjálfbóðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs góða aðstöðu og móttökur á 20. Unglingalandsmóti UMFÍ, UÍA fyrir góða framkvæmd og glæsilega umgjörð svo og sjálfbóðaliðum fyrir það mikla sjálfbóðaliðastarf sem lagt var fram í tengslum við mótið.
- Æskulýðsvettvanginum og aðildarfélögum hans fyrir vel unnin störf og hvetur til áframhaldandi góðra verka.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Samþykkt samhljóða á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Pingskjal nr. 18

Hvatningartillögur Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að fela stjórn að senda eftirfarandi:

- hvetja sambandsaðila til að standa vörð um þá mikilvægu tekjustofna sem koma frá Íslenskri getsþá og Íslenskum getraunum og nýta betur þau tækifæri sem felast í þeim.
- hvetja yfirvöld til þess að grípa tafarlaust til aðgerða tengda ólöglegri starfsemi veðmálafyrirtækja sem bjóða hana hér á landi.
- hvetja Alþingi til að styðja sambands- og aðildarfélög UMFÍ með umtalsverðum fjárframlögum til eflingar á því mikilvæga starfi sem þau standa fyrir um land allt.
- hvetja sambandsaðila til að fjölmenna á 21. Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 2018.
- hvetja sambandsaðila til að fjölmenna á 28. Landsmót UMFÍ og 8. Landsmót UMFÍ 50+ á Sauðárkróki 2018.
- hvetja sambandsaðila til að hafa landsmótsnefnd starfandi á ársgrundvelli sem stuðla að öflugri þátttöku á landsmótum UMFÍ.
- hvetja sambandsaðila til að stuðla að forvörnum á sínu starfssvæði.
- hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum EUF (Evrópa unga fólksins) til að efla starfið hver á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til aukins samstarfs við rannsóknar- og háskólasamfélagið.
- Hvetja alþingi og ríkisstjórn að koma sem allra fyrst lögum yfir rafrettur (vape) þannig að innflutningur og sala fari í löglegan farveg.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Samþykkt samhljóða á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Pingskjal nr. 19

Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að eftirfarandi verði bætt við reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ.

Greinargerð. Gerðar eru tillögur um breytingar á reglugerð um sjóðinn. Viðbætur eru skáletraðar í textanum og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Reglugerð um Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ

1. grein

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

3. grein

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga.

4. grein

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundradshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, nú 7%, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni.

5. grein

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári. Umsóknir, á þar til gerðu eyðublaði, þurfa að berast til og með 1. apríl og til og með 1. Október. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun. Fyrir hverja úthlutun skal sjóðsstjórn auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og í fjölmiðla. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupp hæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

6. grein

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.

7. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 12 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. grein

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í skýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á sambandsþingi og sambandráðsfundi.

9. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10. grein

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Umræður um þingskjal 19:

Guðríður Aadnegard HSK, velti því upp hvort orðalagið í grein 2: „í anda stefnu UMFÍ“ þrengi möguleika umsækjenda verulega?

Örn Guðnason stjórn UMFÍ, sagði að breytingar í 2. grein mundu ekki skerða möguleika á styrkveitingu heldur væru breytingar til þess að einfalda ferlið.

Helga Jóhannesdóttir stjórn UMFÍ, fór yfir stefnu UMFÍ og útskýrði að það að einskorða þetta við stefnu UMFÍ þrengi ekki möguleika sambandsaðila til að sækja um styrki.

Helgi Haraldsson HSK, segist alfarið á mót breytingu í 10. grein. Leggur fram breytingartillögu um að 10. grein verði óbreytt frá því sem var.

Breyting á 10. grein er borin upp sérstaklega með handauppréttingu. Tillagan er felld með 58 á móti 31.

Tillagan með breytingum: Samþykkt með þorra atkvæða.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal nr. 20

Umhverfissjóður UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að eftirfarandi breytingar við reglugerð um Umhverfissjóð UMFÍ, Minningarsjóð Pálma Gíslasonar.

Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar.

1. grein

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ en Pálmi var formaður UMFÍ 1979–1993. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigtúni 42, 105 Reykjavík. UMFÍ sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan hátt.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins. Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

3. grein

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

4. grein

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ og þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ, þar af að minnsta kosti einum frá Umhverfisnefnd.

5. grein

Úthlutunarreglur:

Umsóknir skulu berast á umsóknarblöðum sem finnast á heimasíðu UMFÍ og skilast til þjónustumiðstöðvar UMFÍ, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

Umsóknir skulu berast fyrir til og með 15. apríl ár hvert. Tilkynt skal um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár.

Skilyrði þess að geta fengið styrk úr sjóðnum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og að verkefnið sé umhverfisverkefni. Auglýst skal eftir styrkþegum á heimasíðu UMFÍ, Skinfaxa og öðrum málögögnum UMFÍ. Ekki skal úthlutað meiru en sem nemur 90% af árlegri ávöxtun sjóðsins.

6. grein

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 12 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

Allir sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til sjóðsstjórnar um nýtingu styrksins, fyrirkomulag og árangur, fyrir lokagreiðslu, sem ekki sé meiri en 30% af styrknum.

7. grein

Sjóðsstjórn skal skila árlega skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. sé gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Skýrsluna skal birta í ársskýrslu UMFÍ.

8. grein

Skoðunarmenn UMFÍ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

9. grein

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 600.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið af stjórn ár hvert.

10. grein

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á sambandsþingi UMFÍ.

Umræða um þingskjal 20:

Helgi Haraldsson HSK, ber fram breytingartillögu um að fella niður breytingar á 10. gr. Breytingartillagan borin upp með handauppréttingu og samþykkt með þorra atkvæða og þarf reglugerðin því enn að hljóta samþykki einfalds meirihluta á þingi.

Tillagan með breytingartillögu samþykkt með 105 atkvæðum gegn 2.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal nr. 21

Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ.

Greinargerð. Gerðar eru tillögur um breytingar á reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ. Viðbætur eru skáletraðar í textanum og texti sem er fjarlægður er yfirstrikaður.

Reglugerð um Unglingalandsmót UMFÍ

1. Almenn um mótíð

1.1 Unglingalandsmót UMFÍ er vímulaus fjölskylduhátíð sem haldin skal árlega um verslunarmannahelgina. Kappkosta skal að bjóða keppendum upp á fjölbreyttar íþróttgreinar, þeim og fjölskyldum þeirra upp á góðar aðstæður, heilbrigða afþreyingu og skemmtun við sem flestra hæfi.

1.2 Markmið með mótinu er að ná til sem flestra ungmenna og stuðla að þátttöku þeirra í íþróttum og efla félagslega samkennd þeirra með heiðarleika, tillitsemi og leikgleði að leiðarljósi.

Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta mótsins. Gildi UMFÍ skulu höfð að leiðarljósi á mótinu og áhersla lögð á háttvísi, raunsæi og tillitssemi.

1.3 Mótshaldari skal kappkosta að halda virðingu og háttíðleika á setningu og slitum sem séu miðaðar við unglina, sem og önnur dagskrá mótsins. Lögð skal áhersla á fjölbreytta dagskrá sem höfði jafnt til keppenda sem og annarra gesta mótsins.

2. Umsókn og undirbúningur

2.1 Stjórn UMFÍ skal árlega auglýsa eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að halda Unglingalandsmót UMFÍ. Tilkynna skal um val á mótssstað á unglíngalandsmóti hverju sinni með að minnsta kosti tveggja ára fyrirvara.

2.2 Í umsókn skal tilgreina þær íþróttagreinar sem mótshaldari óskar eftir að keppt sé í. Með umsókn skal fylgja samþykki sveitarstjórnar á væntanlegum mótssstað.

2.3. Skipa skal unglíngalandsmótsnefnd sem sér um undirbúning og framkvæmd mótsins. Nefndin skal skipuð fulltrúum frá mótshaldara, viðkomandi sveitarfélagi og stjórn UMFÍ. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Æskilegt er að fulltrúi ungmenna starfi með nefndinni.

2.4 UMFÍ skal gera skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess. Samningsaðilar eru UMFÍ, mótshaldari (sambandsaðili) og viðkomandi sveitarfélag.

2.5 UMFÍ skal koma sterkt að yfirbragði mótanna, m.a. með fjármögnun þeirra og kynningu. UMFÍ leggur til framkvæmdastjóra og verkefnastjóra á sinn kostnað.

3. Þátttaka og skráning

3.1 Unglíngalandsmót UMFÍ skal fara fram um verslunarmannahelgi ár hvert. Mótið skal standa í þrjá til fjóra daga. Mótið skal sett á föstudagskvöldi og því slitið á sunnudegi.

3.2 Rétt til þátttöku eiga öll ungmenni á aldrinum 11–18 ára á almanaksárinu.

3.3 Skráningu lýkur um miðnætti síðasta sunnudeg fyrir mót. Unglíngalandsmótsnefnd hefur heimild til að lengja skráningarfrest í greinum ef hún telur þörf á.

4. Þáttökugjald

4.1 Þáttökugjald skal ákveðið af stjórn UMFÍ ásamt mótshöldurum hverju sinni.

4.2 Mótsgögn eru einungis afhent þeim sem greitt hafa skráningargjaldið.

5. Um mótið

5.1 Kappkosta skal að bjóða öllum keppnisgreinum upp á sem bestar aðstæður til keppni og leitast við að bjóða keppendum og gestum þeirra upp á sem besta aðstöðu til dvalar og afþreyingar á mótinu.

5.2 Mótshaldari ber ábyrgð á að útvega starfsfólk/sjálfbóðaliða við allar keppnisgreinar og viðburði mótsins.

5.3 Sambandsaðilar/íþróttabandalög eru hvött til að tilnefna sérstakan tjaldbúðastjóra fimm dögum fyrir mót.

5.4 Mótshaldari skal sjá um ytri gæslu á tjaldsvæðum þátttakenda og jafnframt setja reglur um umgengni sem tjaldbúðastjórar aðstoða við að framfylgja.

5.4 Íþróttaleikar fyrir börn 10 ára og yngri skulu vera hluti af afþreyingardagskrá mótsins þar-sem allir fá viðurkenningu fyrir þátttöku án þess að um keppni sé að ræða.

6. Íþróttakeppnin

6.1 Keppnisgreinar skulu vera fjölbreyttar og höfða til sem flestra. Ætíð skal keppt í glímu, frjálsíþróttum, knattspyrnu, körfubolta og sundi.

6.2 Mótshaldari skal sjá til þess að keppnisaðstaða í öllum keppnisgreinum taki mið af reglum sérsambanda. Mótshaldari skal tilkynna endanlegar keppnisgreinar eigi síðar en 15. janúar.

6.3 Keppt skal eftir leikreglum og aldursflokkaskiptingu viðkomandi sérsambands. Unglingalandsmótsnefnd er þó heimilt að breyta aldurskiptingu, keppnisreglum og kröfum um aðstöðu gerist þess þörf og skal það tilkynnt áður en keppni hefst. Samanber grein 3.2

6.4 Endanleg tímasetning keppnisgreina skal liggja fyrir kvöldið fyrir mótsbyrjun. Skipulag keppnisgreina skal liggja fyrir eigi síðar en kvöldið fyrir keppni.

6.5 Þrír fyrstu í hverri einstaklingsgrein hljóta verðlaun svo og einstaklingar í þremur fyrstu liðunum í flokkakeppni

6.6 Keppendur geta aðeins keppt með einu liði í hverri íþróttagrein á mótinu. Ef keppandi verður uppvís að leika með öðru liði en sínu skal lið það sem hann lék ólöglega með tapa viðkomandi viðureign og getur ekki unnið til verðlauna.

7. Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ

7.1 Fyrirmyndarbikar Unglingalandsmóts UMFÍ er afhentur á mótsslitum til þess héraðssambands eða íþróttabandalags sem hefur sýnt fyrirmyndarframkomu á mótinu, innan sem utan keppnisvallar.

7.2 Mótshaldari skipar þriggja manna dómnefnd sem velja skal það héraðssamband/íþróttabandalag sem hlýtur bikarinn og skal UMFÍ tilnefnda einn fulltrúa í dómnefnd.

7.3 Sérstök reglugerð er um Fyrirmyndarbikarinn sem segir til um hvað fyrirmyndafélagið þarf að uppfylla til að hljóta bikarinn.

8. Um fundi, kærur o.fl.

8.1 Áður en keppni hefst skal stjórn UMFÍ skipa þriggja manna dómnefnd, Nefndin skal fjalla um öll deilumál sem upp koma fyrir keppni eða í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands. Kærur skulu vera skriflegar og berast mótsstjórn eigi síðar en einni klukkustund eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. Kærur skulu undirritaðar af forsvarsmanni viðkomandi keppnisliðs eða einstaklings. Úrskurði dómnefndar verður ekki áfrýjað.

9. Annað

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Guðriður Aadnegard HSK, útskýrði þær breytingar sem gerðar voru á tillögunni úr nefnd.

Tillagan var samþykkt með 93 atkvæðum gegn 6.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Guðriður tók svo til máls aftur um tillöguna og skoraði á stjórn að fara yfir reglugerð um fyrirmyndarbikarinn, þar sem nú er búið að opna fyrir keppni einstaklinga án þess að vera tengdir héraðssamböndum eða sambandsaðilum.

Þingskjal nr. 22

Reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+ Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+.

Reglugerð um Landsmót UMFÍ 50+

1. Almenn um mótið

1.1 Mótið skal vera fjölbreytt og með sem mestum menningarblæ þannig að það sýni störf félaganna í sem ríkustum mæli. Markmið mótsins er að bæta lýðheilsu almennings

1.2 Landsmót UMFÍ 50+ skal halda ár hvert og standa í 3 daga. Mótssetning skal fara fram á föstudegi og mótsslit á sunnudegi.

1.3 Skipa skal landsmótsnefnd sem starfar að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Í henni skulu sitja fulltrúar frá mótshaldara (sambandsaðila), sveitarfélagi og UMFÍ.

2. Umsókn og undirbúningur

2.1 Stjórn UMFÍ skal auglýsa eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að halda Landsmót 50+ og tilkynna niðurstöðu með formlegum hætti á næsta móti.

2.2 UMFÍ skal gera skriflega samninga um mótið og framkvæmd þess. Aðilar að samningum eru mótshaldari (sambandsaðili), viðkomandi sveitarfélag og UMFÍ.

2.3 UMFÍ skal koma sterkt að yfirbragði mótanna, m.a. með fjármögnun og kynningu þeirra. UMFÍ leggur til framkvæmdastjóra á sinn kostnað.

3. Um þátttökurétt

3.1 Allir 50 ára og eldri hafa keppnisrétt á mótinu. Aldur miðast við almanaksár.

3.2 Hver keppandi má keppa í eins mörgum keppnisgreinum og hann vill. Ef þátttaka er mikil getur mótshaldari í samráði við landsmótsnefnd sett takmarkanir á fjölda þátttakenda bæði í einstaklings- og liðagreinum. Mótshaldara er heimilt að auglýsa ótakmakaða þátttöku í einstökum greinum, þar sem höfðað er til fjöldaðátttöku. s.s. í almenningshlaupum óháð aldri.

3.3 Auglýsa skal drög að tímasettri dagskrá mótsins í síðasta lagi mánuði fyrir mót.

3.4 Skráningu lýkur um miðnætti síðasta sunnudag fyrir mót. Landsmótsnefnd hefur heimild til að lengja skráningarfrest í öllum eða ákveðnum greinum.

3.5 Stjórn UMFÍ ásamt mótshaldara ákveður þátttökugjald hverju sinni.

4. Starfsfólk

4.1 Mótshaldari ber ábyrgð á að útvega starfsfólk/sjálfbóðaliða við allar keppnisgreinar og viðburði mótsins.

5. Um fundi, kærur og fleira

5.1 Áður en keppni hefst skal stjórn UMFÍ skipa þriggja manna dómnefnd. Nefndin skal fjalla um öll deilumál sem upp koma fyrir keppni eða í keppninni og dæma í þeim samkvæmt reglugerð þessari og leikreglum viðkomandi sérsambands. Kærur skulu vera skriflegar og berast til mótsstjórnar eigi síðar en einni klukkustund eftir lok þeirrar keppni sem kæra á. Kærur skulu undirritaðar af forsvarsmanni viðkomandi keppnisliðs eða einstaklings. Úrskurði dómnefndar verður ekki áfrýjað.

6. Keppnisgreinar

6.1 Landsmótsnefnd ákveður keppnisgreinar á mótinu í samráði við UMFÍ.

6.2 Landsmótsnefnd ákveður aldurskiptingar í öllum keppnisgreinum.

7. Um verðlaun

7.1 Þrír fyrstu í hverri grein hljóta verðlaun.

8. Annað

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Samþykkt samhljóða á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Pingskjal nr. 23

Heiðursviðurkenningar Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til þess að gera breytingar á reglugerð um heiðursviðurkenningar.

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMFÍ

1. grein.

Stjórn UMFÍ getur kosið heiðursfélaga. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursfélagakross UMFÍ, sem er æðsta heiðursmerki samtakanna. Aðeins skal tilnefna þá til heiðursfélaga sem hafa unnið áratuga heillaríkt starf fyrir ungmennafélagshreyfinguna og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir hana. Þessa sæmd má einnig sýna merkur brautryðjendum hreyfingarinnar.

2. grein.

Framkvæmdastjórn UMFÍ veitir starfsmerki UMFÍ. Starfsmerki UMFÍ má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagsstörfum, skipulagsstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviði. Til grundvallar þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

3. grein.

Stjórn UMFÍ veitir gullmerki UMFÍ. Gullmerki UMFÍ er næstæðsta sæmdarviðurkenning UMFÍ. Viðtakandi verður að hafa unnið mörg trúnaðarstörf fyrir ungmennafélagshreyfinguna. Einnig má veita þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri sem stjórn telur við hæfi.

4. grein

Þakkarskjöld UMFÍ má veita hverjum þeim aðila sem sýnt hefur ungmennafélagshreyfingunni stuðning þó viðkomandi sé ekki ungmennafélagi.

Stjórn, framkvæmdastjórn og formaður UMFÍ mega veita þakkarskjöld UMFÍ.

5. grein

Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Tillagan samþykkt með 77 atkvæðum gegn 2.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Pingskjal nr. 24

Lýðheilsuverkefni Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, felur stjórn UMFÍ að leita eftir samvinnu við ríkisstjórn Íslands og auknum fjárframlögum með það að markmiði að ungmenna- og íþróttahreyfingin stuðli að fjölbreyttri hreyfingu þjóðarinnar. Bætt heilsufar og aukin lífsgæði eru þar í forgrunni.

Anna Möller UMSK, leggur til orðalagsbreytingu sem er gerð. (er rétt hérna fyrir ofan)

Tillagan var samþykkt með 102 atkvæðum gegn 2.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Pingskjal nr. 25

Hvatningartillaga Tillaga frá stjórn Keflavík íþróttá- og ungmennafélag

50. sambandsþing UMFÍ haldið í Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að hafa forystu um að koma á samstarfi við ríkisvaldið um að ferðakostnaður vegna landsliðsferða einstaklinga verði greiddur af hálfu íslenska ríkisins.

Greinargerð:

Fagna ber því að styrkur ríkisins til afreksstarfs hefur aukist og á að vaxa á næstu árum.

Það má þó ekki vera þannig að afreksfólkið okkar þurfi að eiga efnaða foreldra eða forráðamenn til að geta keppt fyrir land og þjóð.

Við, sem þjóð, erum afar stolt af okkar frábæra afreksfólki og afrekum þess.

Staðreyndin er sú að unglingur sem valin er í íslenskt landslið og keppir fyrir land og þjóð þarf oft að leggja út kostnað til að geta tekið þátt. Kostnaðurinn getur hlaupið á hundruðum þúsunda króna sem unglingurinn eða fjölskylda hans þarf að leggja út.

Hér er átt við beinn útlagðan kostnað sem hlýst af keppnisferðum íslensku landsliðanna, ekki ferðum á landsliðsæfingar. Sá kostnaður kemur væntanlega úr afrekssjóði.

Þetta er til skammar og á ekki að vera svona.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Tillagan samþykkt með 91 atkvæði gegn 5.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Pingskjal nr. 26

Hvatningartillaga Tillaga frá Ungmennaráði UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017 samþykkir að hvetja sambandsaðila til að auka hlutdeild ungmenna á sambandsþingum UMFÍ í framtíðinni.

Greinargerð: Ungmennni eru stór hluti af samfélaginu og framtíð þess. Þess vegna á það að vera markmið UMFÍ og vilji að auka þátttöku ungs fólks í samfélaginu, sérstaklega innan UMFÍ.

Ungmennni vilja setja mark sitt á viðburði á vegum UMFÍ, Unglingalandsmót UMFÍ og ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði. Til viðbótar má víða í samfélaginu sjá í auknum mæli hvað gert er til að auka þátttöku ungs fólks í samfélaginu, hvort sem um er að ræða stjórn málaflökka eða félagasamtök.

Það er því ósk ungmennaráðs að UMFÍ fylgi þróun samfélagsins, haldi áfram að valdefla ungmenni, auka vægi þeirra í starfi UMFÍ og leyfa rödd þeirra að hljóma. Með því móti hjálpar UMFÍ ungmennum að verða virkari þátttakendur í samfélaginu.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Samþykkt með 98 atkvæðum gegn 3.

Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Guðríður þakkaði að lokum starfsmanni og öllum sem störfuðu með nefndinni fyrir gott starf.

Fjárhagsnefnd

Valdimar Leó Friðriksson UMSK, kvað sér hljóðs um stjórn þingsins. Benti á að fjárhagstillögur væru teknar fyrir síðast á þingum.

Þingforseti gerði að tillögu sína að fresta afgreiðslu tillögum nr. 27 og 28 þar til í lokin.

Engar athugasemdir komu fram og var það gert.

Laga- og aðildarnefnd

Einar Kristján Jónsson Umf. Vesturhlíð, formaður nefndarinnar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

Í nefndinni störfuðu 31 þingfulltrúar.

Þingskjal nr. 29

4. grein

UMFÍ skiptist í héraðssambönd, ungmennasambönd og íþróttabandalög. Einnig geta ungmennafélög innan héraðssambanda, ungmennasambanda og íþróttabandalaga sem ekki eru aðilar að UMFÍ og ungmennafélög á svæðum þar sem slík sambönd eru ekki starfandi, gerst aðilar að UMFÍ.

Umræður um þingskjal nr. 29

Þorsteinn Þorbergsson UMSK, kom með fyrirspurn til nefndarinnar um hvort að félög með beina aðild komi sjálfkrafa inn í UMFÍ í gegnum íþróttabandalög á þeirra svæði.

Einar Kristján Jónsson Umf. Vesturhlíð, svarar spurningunni og segir það verða þannig.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir HSV, lýsti því yfir að HSV myndi ekki styðja tillöguna, með hag iðkenda fyrir brjósti og spyrdi hvort ekki væri verið að byrja á öfugum enda. Hvort ekki hefði þurft að byrja á toppnum og auka samstarf UMFÍ og ÍSÍ fyrst. Hún hrósar störfum þingforseta.

Aníta Karen Guttesen HSP, lýsti yfir áhyggjum smærri sambandsaðila af hugsanlegum fjárhagsáhrifum á samböndin ef að íþróttabandalög verða samþykkt inn í UMFÍ. Hún lýsti skipulagi og skiptingu fjármagns innan HSP. Fjárhagur leyfði ekki að hægt væri að vera með starfsmann í fullu starfi og áhrif inntöku íþróttabandalaga gæti haft verulega neikvæð áhrif. Að lokum þakkaði hún fyrir góða samkomu og skemmtilega.

Gunnar Gunnarsson stjórn UMFÍ, veruleiki UÍA og Þingeyinga svipaður. Hann segir að verði að inngöngu íþróttabandalaganna í UMFÍ, þá verði haldið áfram að aðskilja og greina verkefni ÍSÍ vs. UMFÍ.

Valdimar Leó Friðriksson UMSK, lýsti því að það hefði verið UMFÍ sem stofnaði ÍSÍ til þess að annast störfum sérsambanda og ferðalaga erlendis. Hann sagði í framhaldi af orðum Anítu að rétt væri að leita eftir því að aukið fjármagn til reksturs héraðssamband fái frá stjórnvöldum. Það sama gerðist þegar þrýst var á stjórnvöld að leggja fram aukið fjármagn til reksturs sérsambanda ÍSÍ

Guðríður Aadnegard HSK, vill biðja þingfulltrúana að halda sig við málefnið sem við erum að tala um, þ.e. hvort innngangan verði leyfð eða ekki, ekki hvernig starf minni sambanda fer fram.

Guðmundur Sigurbergsson stjórn UMFÍ, vill bæta því við, vegna þess að fólk hefur áhyggjur af fjárhag í kjölfar inngöngu íþróttabandalaga, að lottótekjur verði óbreyttar þrátt fyrir að tillagan verði samþykkt og verði því einhvern tíma breytt, þá verði það gert með samþykki allra aðila og með því sjónarmiði að tryggja fjárhag allra sambandsaðila.

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, minnti á að þetta umræðuefni hefði komið upp í fjöldamörg ár en í raun aldrei verið tekin efnisleg umfjöllun og ákvörðun um efnið. Hann sagðist hafa skilning á erfiðri aðstöðu sambanda eins og HSP og segir frá því að hann eigi nú þegar í samtali við ráðuneyti um hvernig haga megi málum þannig að hægt sé að tryggja rekstrargrundvöll héraðssambandanna. Hann hvetur þingfulltrúa til að samþykkja tillöguna og það sé skref í átt að betri samningsgrundvelli við íslenska ríkið.

Örn Guðnason stjórn UMFÍ, tekur undir flest sem kom fram hjá Hauki. Hann þakkar fyrir störf nefndarinnar sem vann tillöguna sem vann mjög gott starf. Vissulega muni koma að því í framtíðinni að reglum um lottó verði breytt og e.t.v. hefði verið rétt að byrja á að breyta lottóreglum. Sagði það skipta máli að fólk komi og tjái sig um málið.

Lárus Páll Pálsson USÚ, telur að vilji UMFÍ líta á sig sem lýðræðisleg samtök, þá verðum við að standa við það. Lottótekjurnar eru líka hverful lind fjármagns, Öryrkjabandalagið kom óvænt inn og þar með minnkuðu lottótekjur og það getur gerst aftur. Samkvæmt stefnu UMFÍ er UMFÍ fyrir alla og ef við ætlum að standa við það þá getum við ekki tekið vel á móti sumum en ekki öðrum.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, sagði að sér fyndist gæta ákveðins misskilnings um hvað tillagan fæli í sér og fór yfir innihald hennar. Aðeins þeir sambandsaðilar sem voru í UMFÍ 31. desember 2016, fengu lottóúthlutun yrði tillagan samþykkt. Þá felur tillagan einnig í sér að ef breyta ætti úthlutun í framtíðinni þá myndu núverandi sambandsaðilar hafa meiri áhrif á ákvörðunina þar sem tillagan gerði ráð fyrir því að 2/3 hluta þyrftu til breytinga í stað 50% eins og nú er. Þá fór hún einnig yfir fjölda fulltrúa á þingum ÍSÍ og UMFÍ. Oft heyrast þær raddir að hjá UMFÍ hafi litlu sambandsaðilarnir rödd en ekki hjá ÍSÍ. Auður útskýrði að tillagan gerði ráð fyrir því að þak væri á fjölda þingfulltrúa. Auður tók dæmi: lítill sambandsaðili í UMFÍ væri með 3-5 þingfulltrúa hjá UMFÍ og 1 þingfulltrúa hjá ÍSÍ. Stór sambandsaðili væri að hámarki með 11 þingfulltrúa miðað við tillöguna hjá UMFÍ en dæmi væru um rúmlega 30 þingfulltrúa hjá ÍSÍ. Það væri því ekki sambærilegar aðstæður sem væri verið að bera saman og mikilvægt að hafa í huga tillöguna sem lægi fyrir þinginu og forsendur hennar.

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, lagði áherslu á að ekki væri hægt að ákveða að leyfa sumum að vera í UMFÍ og sumum ekki. Hann vill ekki taka undir það að innganga íspróttabandalaga sé óútfylltur tékki. "Lottó er ekki peningur sem við eigum að treysta á, heldur getur hann horfið á morgun þess vegna". UMFÍ muni stjórna því hvernig þróunin verði í framtíðinni.

Við atkvæðagreiðslu voru 63 sem samþykktu, 34 voru á móti og 12 sátu hjá þar sem um var að ræða lagabreytingu þyrfti 2/3 atkvæða sem ekki náðist og var tillagan því felld.

Þingskjal nr. 30

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja sambandsaðilum úr UMFÍ.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.
Tillagan samþykkt með 77 atkvæðum gegn 4.
Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal nr. 31

7. grein

Hvert félag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum reglulegum félagsmanni fullra sextán ára og eldri eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda skýrsluna, ásamt félagskrá með kennitölum, í tveimur eintökum til sambandsaðila. Sambandsaðili sendir annað eintakið til UMFÍ fyrir lok aprílmánaðar. Skytt er sambandsaðilum að semja skýrslu á sama hátt. UMFÍ leggur til skýrslueyðublöð.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.
Tillagan samþykkt með 79 atkvæðum gegn 3.
Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal nr. 32

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv félagatali í skráningarkerfi UMFÍ sem skal skila í síðasta lagi 15. maí það ár sem þing er haldið sem hér segir:

1 fulltrúa fyrir 1–200 skattskyldra félaga.

1 fulltrúa fyrir 201–400 1000 skattskyldra félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja byrjaða 1000 skattskyldra félaga þar yfir en þó með hámarki 11 fulltrúa. Félög með beina aðild fái að hámarki 7 fulltrúa.

Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn héraðssambanda, ungmennasambanda og íþróttabandalaga eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sambandsþing er lögmaett ef löglega er til þess boðað og maettur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils.
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, sem er almanaksárið.
- Lagabreytingar.
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum.
- Kjósa formann UMFÍ, 6 stjórnarmenn og 4 varastjórnarmenn.
- Kjósa 5 aðalmenn og tvo varamenn í kjörnefnd, kjósa 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.

Valdimar Leó Friðriksson UMSK, taldi að þessi tillaga hefði verið samþykkt í nefndinni vegna tillögu um inngöngu Íþróttabandalaga en þar sem sú tillaga hefði nú verið feld. Lagði hann til að tillögunni yrði vísað frá.

Þingforseti gaf þingheimi færi á að tjá sig stuttlega um frávísunartillöguna.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni frá.

Þingskjal nr. 33

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö mönnum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þrem meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex menn sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir menn og skal hún kosin í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa fjóra menn sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar dregið um röð þeirra séu atkvæði jöfn.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm manna kjörnefnd og tvo til vara, sem starfar til loka næsta sambandsþings.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri menn en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá menn og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar.

- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar.
 - Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.
- Skoðunarmenn skulu vera tveir og tveir til vara.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.
Tillagan samþykkt með 82 atkvæðum gegn 1.
Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal 34

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundum, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.
Tillagan samþykkt með 65 atkvæðum gegn 11.
Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal 35

13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Landsmót, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili úr hópi umsækjanda skal halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

Meðal annars skal gæta eftirtalinnna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:

- Þau endurspegli eftir fönngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmennafélagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til keppnisíþróttta sé eins góð og kostur er.
- Almennungi sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.
- Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.
Samþykkt samhljóða á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal 36

Reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið í Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir eftirfarandi breytingar á lottó reglugerð UMFÍ. Tillagan tengist tillögu 11 og 12 um aðild íþróttabandalaga að UMFÍ.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga.

Lottóreglur og lottóúthlutanir

I. Skipting lottótekna UMFÍ:

1. 79% til sambandsaðila.
2. 14% til UMFÍ.
3. 7% til Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMFÍ:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi sambandsaðila hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þá sambandsaðila sem mættu á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting sambandsaðila sem hér segir

Einn hlutur: héraðssambönd.

30% af hlut: Keflavík íþrótta- og ungmennafélag, UMFN, UMFG, UMFF, UMFÞ og UFA.

10% af hlut: UMFÓ, USK, UMFK, Umf. Vesturhlíð og Umf. Víkverji

IV. Regla vegna íbúafjölda:

Félög með beina aðild að UMFÍ fá úthlutað miðað við íbúafjölda þannig að félagsmannafjöldi félags með beina aðild er margfaldaður með 1,7. Niðurstaðan er tala sem myndar íbúafjölda þeirra. Þessi reiknaði íbúafjöldi verður þó aldrei hærri en raunverulegur íbúafjöldi á félagssvæði viðkomandi félags skilgreint samkvæmt lögum þess eða skilgreindu starfssvæði þess sem sveitarfélagið setur því. Samanlagður íbúafjöldi tveggja eða fleiri félaga sem starfa innan sama sveitarfélags getur þó aldrei orðið hærri en íbúafjöldi viðkomandi sveitarfélags.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMFÍ kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMFÍ skal setja vinnureglur þar að lútandi sem taki m.a. tillit til hvort haldinn hafi verið aðalfundur/ársþing og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMFÍ.

Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMFÍ frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. íbúatölu eins og hún er staðfest af Hagstofu Íslands og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma. Ekkert héraðssamband eða félag með beina aðild getur fengið hærra hlutfall en 30% af lottóúthlutuninni.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Reglur þessar eiga eingöngu við um þau héraðssambönd, ungmennasambönd og ungmennafélög með beina aðild sem voru aðilar að UMFÍ hinn 31. desember 2016. Aðrir sambandsaðilar að UMFÍ fá ekki úthlutað lottófé frá UMFÍ. Þegar náðst hefur samkomulag um samræmdar reglur um skiptingu lottóágóða sem gildi bæði fyrir sambandaaðila UMFÍ og ÍSÍ, skal breyta reglum þessum til samræmis við það samkomulag en til þess þarf aukinn meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ, í samræmi við 16. grein laga UMFÍ.

VIII. Um úthlutun.

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði

UMFÍ skal hafa tveggja ára aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Guðmundur Sigurbergsson stjórn UMFÍ, vakti athygli á að þessi tillaga hafi fylgt tillögu um inngöngu íþróttabandalaga sem búið er að fella og þessi tillaga ein og sér yrði verulega íþyngjandi.

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, lagði til að tillögunni væri vísað frá.

Þingforseti gaf færi á að tjá sig stuttlega um frávísunna. Engin hvað sér hljóðs.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni frá.

Þingskjal 37

Aðild íþróttabandalaga Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir umsókn íþróttabandalaga um inngöngu í UMFÍ.

Greinargerð: Vísað er til nefndarálits vinnuhóps um aðild íþróttabandalaga.

Þingforseti taldi tillöguna ekki tæka til afgreiðslu.

Einar Kristinn Jónsson Umf. Vesturhlíð, taldi að greiða ætti atkvæði um tillöguna.

Helgi Gunnarsson UMFÍ, taldi einsýnt að tillagan væri ekki þingtæk.

Lárus Páll Lárusson USÚ, velti því upp hvort ekki væri mögulegt að gera breytingatillögu.

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir HSV, bað þingfulltrúa að virða reglur þingskapa.

Þingforseti lýsti því að tillagan væri tekin af dagskrá.

Fjárhagsnefnd

Pálmi Blængsson UMSB, formaður nefndarinnar gerði grein fyrir álitni nefndarinnar.

Í nefndinni störfuðu 19 þingfulltrúar.

Þingskjal nr. 27

Fjárhagsáætlun 2018 Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2018.

Heildaryfirlit um rekstur 2018

Áætlun

	Aðalsjóður	Laugar	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Rekstrartekjur:					
Ríkisframlag	99.800.000	17.800.000			117.600.000
Lottó og getraunir	168.900.000		12.600.000		181.500.000
Aðrar tekjur	71.310.000	61.800.000		700.000	133.810.000
	340.010.000	79.600.000	12.600.000	700.000	432.910.000
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	71.465.177	47.692.984			119.158.162
Annar rekstrarkostnaður	118.928.920	30.600.000			149.528.920
Lottó til sambandsaðila	142.200.000				142.200.000
Veittir styrkir			12.600.000	1.000.000	13.600.000
Afskriftir	3.400.000	1.224.600			4.624.600
	335.994.097	79.517.584	12.600.000	1.000.000	429.111.682
Afkoma f. fjármagnsliði	4.015.903	82.416	0	(300.000)	3.798.318
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):					
Vaxtatekjur	960.000		1.000.000	400.000	2.360.000
Greiddir vextir og verðbætur	(2.700.000)				(2.700.000)
Áfallnar verðbætur	(1.500.000)				(1.500.000)
	(3.240.000)	0	1.000.000	400.000	(1.840.000)
	775.903	82.416	1.000.000	100.000	1.958.318
Rekstrarniðurstaða:	775.903	82.416	1.000.000	100.000	1.958.318

Sundurliðun

	Aðalsjóður	Laugar	Fræðslu- og verkefnasjóður	Umhverfis-sjóður	Samtals
Aðrar tekjur	71.310.000	61.800.000			
Rekstrarframlög	2.650.000	10.800.000			13.450.000
Framlög frá EUF - (Styrkir)	5.500.000				5.500.000
Kostunaraðilar	22.200.000	0		700.000	22.900.000
Sölutekjur	9.350.000				9.350.000
Leigutekjur	11.460.000	2.000.000			13.460.000
Þátttökugjöld	20.150.000	49.000.000			69.150.000
Annar rekstrarkostnaður	118.928.920	30.600.000			149.528.920
Húsnæðiskostnaður:	9.370.000	12.630.000			22.000.000
Rekstur áhalda og tækja:	1.300.000	0			1.300.000
Ferðakostnaður og rekstur bifreiða	9.158.920	1.000.000			10.158.920
Skrifstofukostnaður:	4.360.000	750.000			5.110.000
Stjórnun og umsýsla:	15.960.000	380.000			16.340.000
Verkefni, kynning og útbreiðsla:	26.780.000	2.220.000			29.000.000
Erlend samskipti	3.000.000	300.000			3.300.000
Mótahald	49.000.000				49.000.000
Rekstur ungmennabúða		13.320.000			13.320.000

Mælendaskrá opin engin hvað sér hjóðs.

Samþykkt samhljóða á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Þingskjal nr. 28

Húsnæði Tillaga frá stjórn UMFÍ

50. sambandsþing UMFÍ haldið á Hallormsstað 14. - 15. október 2017, felur stjórn UMFÍ að mynda 5 manna starfshóp, ásamt 2 varamönnum. Starfshópnum er falið að móta framtíðarstefnu í húsnæðismálum UMFÍ og leggja niðurstöðuna fyrir sambandsráðsfund 2018.

Komi fram kauptilboð í Sigtún 42 áður en framtíðarstefnan í húsnæðismálum UMFÍ tekur gildi, skal stjórn leita samþykkis sambandsráðs fyrir sölu.

Umræða um þingskjal nr. 28

Guðríður Aadnegard HSK, sagðist ánægð með tillöguna og þakkaði stjórn fyrir góðar skýringar.

Sveinn Gíslason UMSK, sagðist vera á móti tillögunni og sagði það eðlilegt að stjórn sé treyst til þess að taka ákvarðanir.

Auður Inga Þorsteinsdóttir, skýrði tilkomu tillögunnar og segir að hún sé varúðaratriði stjórnar vegna fyrri mála.

Þorsteinn Þorbergsson skýrði tilkomu tillögunnar. Nefndin taldi eðlilegt að stefna í húsnæðismálum yrði mótuð.

Guðríður Aadnegard HSK, fagnar orðum Auðar og segist ekki geta hugsað þá hugsun til enda ef hreyfingin lenti aftur í þeim hrunadansi sem varð þegar UMFÍ seldi síðast húseign.

Pálmi Blængsson UMSB, formaður nefndarinnar hvatti fólk til þess að skrá þátttöku sína í nefndinni. Þakkaði fyrir gott og uppbyggilegt starf.

Samþykkt samhljóma á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað

Hlé gert á álitni nefnda.

Kosning:

Guðný Stefanía Stefánsdóttir HSV, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir því að Haukur Valtýsson gefi kost á sér til formanns UMFÍ og að 6 gild framboð hafi borist til kjörnefndar. Því er sjálfkjörið í aðalstjórn og sama á við um varastjórn þar sem 4 hafi gefið kost á sér.

Þingforseti lýsir því að Haukur Valtýsson, UFA, er réttkjörinn formaður UMFÍ til næstu 2 ára.

Þingforseti bað frambjóðendur til aðalstjórnar að koma og kynna sig.

Framboð til aðalstjórnar, 6 aðilar:

Guðmundur Sigurbergsson, UMSK.

Gunnar Gunnarsson, UÍA.

Hrönn Jónsdóttir, UMSB.

Jóhann Steinar Ingimundarson, UMSK.

Ragnheiður Högnadóttir, USVS.

Örn Guðnason, HSK.

Þingforseti gerir grein fyrir því að ofangreindir aðilar séu sjálfkjörnir í aðalstjórn til næstu 2 ára.

Þingforseti bað frambjóðendur til varastjórnar að koma og kynna sig.

Framboð til varastjórnar, 4 aðilar:

Helga Jóhannesdóttir, UMSK

Gunnar Þór Gestsson, UMSS

Lárus B. Lárusson, UMSK

Sigurður Óskar Jónsson, USÚ

Þingforseti gerir grein fyrir því að ofangreindir aðilar séu sjálfkjörnir í varastjórn til næstu 2 ára.

Niðurstaða kosninga:

Formaður UMFÍ

Haukur Valtýsson UFA.

Kosning til stjórnar UMFÍ.

Guðmundur Sigurbergsson, UMSK

Gunnar Gunnarsson, UÍA

Hrönn Jónsdóttir, UMSB

Jóhann Steinar Ingimundarson, UMSK

Ragnheiður Högnadóttir, USVS

Örn Guðnason, HSK

Kosning til varastjórnar UMFÍ.

Helga Jóhannesdóttir, UMSK

Gunnar Þór Gestsson, UMSS

Lárus B. Lárusson, UMSK

Sigurður Óskar Jónsson, USÚ

Hádegisverður kl. 12:00

Kynning á Landsmóti UMFÍ á Sauðárkróki – **Ómar Bragi Stefánsson UMFÍ.**

Kristján Þór Júlíusson, Mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði þingið og sagðist því miður ekki hafa getað verið viðstaddur setningu í gær. Hann óskaði hreyfingunni til hamingju með 50. þing UMFÍ og 110 ára afmæli UMFÍ. Hann hrósaði öflugum verkefnum samtakanna. Því næst tilkynnti ráðherra að undirritaður yrði rekstrarsamningur við UMFÍ til næstu 3ja ára. Er þetta fyrsti samningurinn sem gerður er til lengri tíma en eins árs sem ráðuneytið hafi gert við frjáls félagasamtök. Því næst undirrituðu ráðherra og formaður UMFÍ samninginn.

Matmaður þingsins verðlaunaður.

Þingforseti les greinargerð um matmann þingsins. Vegna fjarveru síðasta matmanns kom það í hlut þingforseta og fulltrúa HSK, Guðríðar Aadnegard, að útnefndu matmann þingsins sem var Vigdís Diljá Óskarsdóttir, UÍA. Vigdís Diljá sagði þurfa að borða fyrir tvo þar sem hún ætti von á barni og þakkaði heiðurinn.

Afhending hvatningarverðlauna.

Haukur Valtýsson formaður UMFÍ, afhenti hvatningarverðlaun UMFÍ 2017 sem að þessu sinni fóru til HSV, Héraðssambands Vestfjarða fyrir Körfuboltaúðir Íþróttafélagsins Vestra. Guðný Stefanía Stefánsdóttir formaður HSV veitti hvatningarverðlaununum viðtöku.

Áframhald kosninga:

Samþykkt tillaga að kjöri skoðunarmanna.

Borghildur Sigurðardóttir, UMSK

Örn Pálsson, UMFF

Til vara:

Jón Pálsson, UMSK

Sigurður Guðmundsson, UMSB

Borin upp tillaga að kjörnefnd sem starfi milli þinga.

Einar Kristján Jónsson, formaður Umf. Vesturhlíð.

Guðný Stefnía Stefánsdóttir, HSV.

Vigdís Diljá Óskarsdóttir, UÍA.

Einar Haraldsson, Keflavík.

Valdimar Leó Friðriksson, UMSK.

Til vara:

Svanur M. Gestsson, UMSK.

Sólrún Halla Bjarnadóttir, UMSB.

Tillaga samþykkt

ÖNNUR MÁL.

Kynning á NÓRA – Guðmundur Árnason.

Helgi Haraldsson HSK, sagðist hugsi yfir afgreiðslu á lagabreytingatillögum. Ekki var kynnt að 2/3 atkvæða þyrfti til að kosning væri gild. Hann sagði að nýtt atkvæðagreiðslukerfi hafi verið notað sem ekki sé reynsla af. Hann óskaði eftir að greidd verði atkvæði aftur með handauppréttingu.

Þorsteinn Þorbergsson UMSK, ræddi að fyrirtæki úti í bæ (Nóri) gæti notað persónuupplýsingar innan úr íþróttahreyfingunni. Sagði kerfið líta vel úr en óeðlilegt sé að fyrirtæki úti í bæ geti safnað persónuupplýsingum.

Guðmundur Árnason UMFF, segir að gögn í Nóra séu eign hvers félags og verða ekki nýtt á annan þann þátt en eigendur óski eftir. Hann segir að varðandi tekjumódel þá þurfi félagið tekjur en samningurinn við UMFÍ tryggi litlum félögum sem ekki hafa verið inni í kerfinu aðgang.

Guðný Stefanía Stefánsdóttir HSV, sagði í ljósi þess hversu miklu róti atkvæðagreiðsla hafi valdið vildi hún taka fram að málið hafi verið tekið fyrir á fundi í stjórn HSV og ákveðið að fylgja niðurstöðu fundarins. Hins vegar sagði hún að sér væri ljúft að segja að nánari upplýsingar hafi borist á þinginu og ef hægt væri að fá enn frekari upplýsingar væri hægt að leggja til að boðað verði til aukapings UMFÍ.

Þingforseti gerði grein fyrir atkvæðagreiðslunni um 4. grein laga og taldi hann að ekki sé hægt að láta fara fram aðra atkvæðageiðslu. Alls voru greidd 94 atkvæði, þar af samþykktu 63, 34 sögðu nei og 12 sátu hjá. Hann sagði að ekki væri hægt að láta fara fram aðra atkvæðagreiðslu þar sem ekki væri sami fjöldi fulltrúa í salnum nú og áður.

Einar Kristján Jónsson Umf. Vesturhlíð, segist hafa verið á flestum þingum UMFÍ frá 1991. Umræðan um inngöngu íþróttabandalaga hafi verið oft til umræða. Nú sé niðurstaða atkvæðagreiðslunnar í andstöðu við nýkjörna stjórn og spurði því þingforseta hvernig hann tæki á því ef að tillaga nr. 12 yrði endurflutt. Þingforseti taldi það sama gilda um þetta og að greiða atkvæði aftur um sömu tillögu.

Guðríður Aadnegard HSK, spurði hvort Guðný Stefanía hafi verið með formlega tillögu og svaraði Guðný því játandi úr sal.

Elísabet Kristjánsdóttir UDN, sagði að mjög margir á þinginu væru rosalega gamlir og hvetur til þess að á næsta þingi verði valdir yngri þingfulltrúar.

Halla Kari Hjaltsted UMFF, sagðist tala fyrir sína hönd og sagðist mjög hissa á atkvæðgreiðslunni fyrr í dag þar sem ungu fólk hafi verið neitað um inngöngu í Ungmennafélag Íslands. Það verði slæmt til afsagnar fyrir UMFÍ.

Þingforseti las upp tillögu Guðnýjar Stefaníu Stefánsdóttur, HSV:

Þing UMFÍ beinir því til stjórnar UMFÍ að tekið verði til skoðunar að halda aukaping vegna inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ.

Tillagan samþykkt með þorra greiddra atkvæða gegn 8.
Samþykkt á 50. sambandsþingi UMFÍ 2017 á Hallormsstað.

Einar Kristján Jónsson Umf. Vesturhlíð, þakkar orðin frá fulltrúa Fjölnis.

Haukur Valtýsson, flutti þinginu kveðjur fyrrum formanna UMFÍ, Þóris Jónssonar og Helgu Guðrúnar Guðjónsdóttur, og einnig fyrrum framkvæmdastjóra UMFÍ, Sæmundar Runólfssonar.

Hann sagðist hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með niðurstöður atkvæðagreiðslunnar. Ef íþróttabandalögin kæmu inn í hreyfinguna, þá verði UMFÍ sterk samtök. Nú verði undirbúið aukaping UMFÍ.

Haukur Valtýsson sagði svo 50. sambandsþingi UMFÍ slitið.

Stjórn UMFÍ 2017–2019

Haukur Valtýsson, UFA, formaður
Guðmundur Sigurbergsson, UMSK
Gunnar Gunnarsson, UÍA
Hrönn Jónsdóttir, UMSB
Jóhann Steinar Ingmundarson, UMSK
Ragnheiður Högnadóttir, USVS
Örn Guðnason, HSK

Varastjórn

Gunnar Þór Gestsson, UMSS
Helga Jóhannesdóttir, UMSK
Lárus B. Lárusson, UMSK
Sigurður Óskar Jónsson, USÚ

Fulltrúar frá sambandsaðilum.

Alls mættu 116 þingfulltrúar.

HSB (1)

Jenný Hólmsteinsdóttir

HSH (2)

Þorsteinn Harðarson

Guðmundur Gíslason

HSS (1)

Vignir Örn Pálsson

HSP (4)

Anita Karin Guttesen

Eva Sól Pétursdóttir

Stefán Jónasson

Björn Grétar Baldursson

HSV (3)

Guðný Stefanía Stefánsdóttir

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir

Elísa Stefánsdóttir

HHF (1)

Iða Marsibil Jónsdóttir

HSK (18)

Guðríður Aadnegard

Baldur Gauti Tryggvason

Engilbert Olgeirsson

Gestur Einarsson

Fanney Ólafsdóttir

Guðmunda Ólafsdóttir

Guðmundur Jónasson

Guðmundur Sigmarsson

Helgi S. Haraldsson

Ingibjörg Þ. Heiðarsdóttir

Jóhanna Hjartardóttir

Lárus Ingi Friðfinnsson

Markús Ívarsson

Olga Bjarnadóttir

Ragnar Sigurðsson

Rakel Þórarinsdóttir

Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Örn Guðnason

UÍA (7)

Gunnar Gunnarsson

Jósef Auðunn Friðriksson

Pálína Margeirsdóttir

Ester S. Sigurðardóttir

Erla Gunnlaugsdóttir

Vigdís Diljá Óskarsdóttir

Gunnlaugur Aðalbjarnarson

UÍF (1)

Pórarinn Hannesson

USAH (2)

Rúnar Pétursson

Auður Ingimundardóttir

UMSB (5)

Sólrún Halla Bjarnadóttir

Pálmi Blængsson

Guðrún Þórðardóttir

Anna Dís Þórarinsdóttir

Ásdís Helga Bjarnadóttir

UDN (2)

Svana Hrönn Jóhannsdóttir

Herdís Erna Matthíasdóttir

Elísabet Kristjánsdóttir

UMSE (4)

Bjarnveig Ingvadóttir

Þorgerður Guðmundsdóttir

Einar Hafliðason

Fanney Þóra Rúnarsdóttir

UMSK (17)

Valdimar Leó Friðriksson

Guðmundur Sigurbergsson

Magnús Gíslason

Helga Jóhannsdóttir

Þorsteinn Þorbergsson

Valdimar Gunnarsson

Ása Inga Þorsteinsdóttir

Sigurjón Sigurðsson

Hanna Carla Jóhannsdóttir

Eysteinn Pétur Lárusson

Sveinn Gíslason

Axel Ólafur Þórhannesson

Jón Júlíus Karlsson

Hanna Björk Halldórsdóttir

Anna R. Möller

Jóhann Steinar Ingimundarson

Svanur M. Gestsson

UMSS (4)

Arnrún Halla Arnórsdóttir

Sigríður Fjóra Viktorsdóttir

Þórunn Eyjólfsdóttir

Thelma Knútsdóttir

USVS (5)

Þorsteinn M. Kristinsson

Erla Þórey Ólafsdóttir

Sigmar Helgason

USVH (6)

Reimar Marteinsson
Halldór Sigfússon
Hörður Gylfason

USÚ (5)

Björn Ármann Jónsson
Kristján Örn Ebenezarson
Lárus Páll Pálsson
Sigurður Óskar Jónsson

Keflavík íþróttá- og ungmennafélag (8)

Einar Haraldsson
Kári Gunnlaugsson
Þórður Magni Kjartansson
Bjarney S. Snævarsdóttir
Birgir Már Bragason
Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir
Kristján Þór Karlsson
Dagbjört Ýr Gylfadóttir

UFA (1)

Haukur Valtýsson

UMFG (2)

Sigurður Enoksson
Bjarni Már Svavarsson

UMFK (2)

Olga E. Þorsteinsdóttir
P. Lísá Valdimarsdóttir

UMFN (5)

Ólafur Eyjólfsson
Jenny L. Lárusdóttir
Einara Lilja Kristjánsdóttir
Ágústa Guðmarsdóttir
Thor Ó. Hallgrímsson

UMFF (11)

Guðmundur L. Gunnarsson
Málfríður Sigurhansdóttir
Ragnheiur Jóhannesdóttir
Hermann K. Hreinsson
Þorgerður Ósk Jónsdóttir
Halla Kari Hjaltested
Gunnar Már Guðmundsson
Arnór Ásgeirsson
Ásta B. Matthíasdóttir
Regína Sigrún Ómarsdóttir
Guðmundur Árnason

USK (1)

Anna Bjarnadóttir

V (1)

Einar Kristján Jónsson

UMFP (2)

Gunnar Helgason

Jóhanna Guðjónsdóttir

Stjórn UMFÍ 2015 - 2017 (9)

Haukur Valtýsson

Formaður UMFÍ

Örn Guðnason

Varaformaður UMFÍ

Hrönn Jónsdóttir

Ritari UMFÍ

Helga Jóhannesdóttir

Gjaldkeri UMFÍ

Ragnheiður Högnadóttir

Meðstjórnandi UMFÍ

Gunnar Gunnarsson

Meðstjórnandi UMFÍ

Björn Grétar Baldursson

Meðstjórnandi UMFÍ

Sigurður Óskar Jónsson

Varastjórn UMFÍ

Guðmundur Sigurbergsson

Varastjórn UMFÍ

Starfsfólk UMFÍ (7)

Auður Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMFÍ

Helgi Gunnarsson

Fjármálastjóri UMFÍ

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson

Kynningarstjóri UMFÍ

Ómar Bragi Stefánsson

Landsfulltrúi UMFÍ

Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Landsfulltrúi UMFÍ

Ragnheiður Sigurðardóttir

Landsfulltrúi UMFÍ

Guðbirna K. Þórðardóttir

Skrifstofustjóri UMFÍ